



Hydropower  
Sustainability  
Standard

Vottunarmiði  
(hafi verkefnið hlotið  
vottun)

## Drög að matsskýrslu

Heiti virkjunar: Fljótsdalsstöð

Uppsett afl: 690 MW

Land: Ísland



Ábyrgðaraðili: Landsvirkjun

Skýrsluhöfundar: Dr. Bernt Rydgren,  
Dr. Jörg Hartmann; Pelle Bågesund  
og Arjola Tola

Dagsetning skýrslu: 8. nóvember, 2024



Fljótsdalsstöð, 690 MW, Ísland

**Forsíðumynd:** Háslón rétt að byrja á yfirfalli við Kárahnjúkastíflu í haustbyrjun, 19. September 2024

Útgefið af:

Hydropower Sustainability Alliance  
Edifício LACS  
Rocha Conde d'Óbidos  
1350-352 Lisboa, Portugal  
Netfang: [info@hs-alliance.org](mailto:info@hs-alliance.org)

Sniðmát af skýrslunni var fyrst gefið út í september 2021,  
þessi útgáfa í október 2023.

Rétthafi:

© 2023 Hydropower Sustainability Alliance

Allur réttur áskilinn. Enginn hluti þessarar útgáfu má vera  
afritaður, geymdur eða sendur án  
leyfi útgefanda.

Niðurstöður skýrslunnar eru byggðar á óháðu mati sem  
framkvæmt var í samræmi við ferla Hydropower Sustainability  
Assurance System.

Þessi skýrsla er þýðing og er eingöngu ætluð til upplýsinga.  
Komi upp ósamræmi milli þýðingarinnar og frumtextans, skal  
frumtextinn ráða. Drög að matsskýrslu Fljótsdalsstöðvar á  
ensku má nálgast hér:



## Sjálfbærnistaðall vatnsorku (HSS)

<p>Um HS staðalinn</p>	<p>Sjálfbærnistaðall vatnsorku (Hydropower Sustainability Standard, HS staðallinn) er staðlað skjal sem setur fram frammistöðukröfur samkvæmt Hydropower Sustainability Certification System, alþjóðlegs merkingar- og vottunarkerfis. Þar sem koma fram þær væntingar sem gerðar eru til vatnsaflsvirkjana um allan heim.</p> <p>HS staðallinn vottar vatnsaflsvirkjanir fyrir frammistöðu þeirra í umhverfis-, samfélags- og stjórnunarháttum (ESG) með því að setja lágmarks- og ýtrari frammistöðukröfur og veita þeim virkjunum viðurkenningu sem uppfylla þessar kröfur. HS staðallinn er í samræmi við verndarráðstafanir lykillánveitenda (t.d. IFC og Alþjóðabankans) og getur nýst við að laða að fjármögnun sem er í samræmi við loftslagsmarkmið með grænum skuldabréfum sem eru vottuð af <i>Climate Bonds Initiative</i> og styðja við raforkusölu til RE100 fyrirtækja.</p> <p>HS staðlinum er stjórnað af Samtökum um sjálfbæra vatnsorku (Hydropower Sustainability Alliance). HS Alliance var stofnað í október 2023 og ætlað að starfa sem óháðri og fjölhagsmuna staðlastofnun sem hefur umsjón með sjálfbærnivottunarkerfi fyrir vatnsaflsvirkjanir (Hydropower Sustainability Certification System).</p>
<p>Notendur og hagnýti</p>	<p>HS staðallinn inniheldur þrjú aðskilin stig: Undirbúningur, framkvæmd og rekstur. Þessi skipting endurspeglar á hvaða stigi vatnsaflsvirkjunin er og er þessi skipting hönnuð til þess að hægt sé að nota niðurstöður sem sjálfstæð gögn. Hvert skýrslusniðmát inniheldur aðgerðaráætlun sem aðstoða eigendur eða rekstraraðila við að takast á við allar gloppur gegn lágmarkskröfum (góðum starfsvenjum) og ýtrari kröfum (bestu starfsvenjum).</p> <p>Úttekt samkvæmt HS staðlinum er framkvæmd af vottuðu matsfólki, sem ganga út frá skriflegum gögnum, viðtölum við hagaðila og skoðun á staðháttum. Allar niðurstöður eru studdar af hlutlægum gögnum og byggðar á sannanlegum staðreyndum. HS staðallinn er áhrifaríkastur þegar rekstraraðilar og þróunaraðilar fara eftir þeim ráðleggingum sem veittar eru og loka þeim gloppum sem tilgreindar eru sem meiriháttar.</p> <p>Þróun og rekstur vatnsaflsvirkjana getur verið í höndum opinberra aðila, einkafyrirtækja eða í samstarfi og ábyrgð getur breyst eftir því sem líður á virkjunartíma. Fyrirtækið eða rekstraraðilinn, sem ber meginábyrgð á virkjuninni á tilteknu stigi, gegnir lykilhlutverki í hvers kyns HS staðlamati.</p>
<p>Uppbygging skýrslumátsins</p>	<p>HS staðallinn samanstendur af 12 efnispáttum sem ná yfir áhrif umhverfis-, samfélags-, stjórnunar- og loftslagsbreytingar, bæði neikvæð og jákvæð, sem stafa af uppbyggingu og rekstri vatnsaflsvirkjana. Yfirlitskaflar í upphafi skýrslunnar innihalda: (A) matsyfirlit, (B) upplýsingar um virkjunina, (C) árangur gegn lágmarkskröfum, (D) árangur gegn ýtrari kröfum, (E) umhverfis- og samfélagsaðgerðaáætlun og (F) skammstafanir og styttingar. Samantektarköflunum fylgja 12 efnispættir sjálfbærni þar sem kröfur um góðar og bestu starfsvenjur eru settar fram og niðurstöður veittar. Í lok skýrslunnar eru þrír viðaukar þar sem skráð eru þau gögn sem notuð hafa verið við matið.</p>
<p>Stuðningsgöng</p>	<p>Viðbótarupplýsingar um uppbyggingu, innihald og sögu HS staðalsins er að finna á vefsíðunni: <a href="http://www.hs-alliance.org">www.hs-alliance.org</a></p>

Dagsetning útgáfu	Október 2023
-------------------	--------------

Í Umsagnarferli

## A. Matsyfirlit

Matsaðili(-aðilar)	Dr. Bernt Rydgren (yfirmatsaðili); Dr. Jörg Hartmann; Pelle Bågesund og Arjola Tola (matsaðili í þjálfun)
Markmið mats	Vottun Fljótsdalsstöðvar
Dagsetningar matsframkvæmdar	16. september – 22. september 2024 (innifaldir eru ferðadagar matsaðila)
Matsskýrsla dagsett	8. nóvember 2024
Helstu niðurstöður	<p>Niðurstöður matsins sýna fram á afar góða frammistöðu í sjálfbærni. Fljótsdalsstöð var metin áður árið 2017 með Hydropower Sustainability Assessment Protocol, sem er forveri HS-staðalsins sem núna er notaður. Niðurstöður núna voru sambærilegar og getur matsteymið sagt að frammistaða er enn há árið 2024 og hafi einnig tekið framförum á sumum sviðum.</p> <p>Áframhaldandi heildarmat og stjórnun á sjálfbærnimálum í Fljótsdalsstöð/Kárahnjúkavirkjun, sem og rekstur Landsvirkjunar í heild eru í mjög háum gæðaflokki. Umfangsmikil vöktun er til staðar og er útvíkkuð enn frekar vegna vatnatilskipunar og flokkunarreglugerðar Evrópusambandsins (WFD og EU Taxonomy). Einnig eru viðbrögð stjórnenda við öllum málum sem koma upp almennt snögg og skilvirk. Rekstur virkjunarinnar hlítir og er í samræmi við allar kröfur og skuldbindingar og framleiðir raforku með áberandi lágu kolefnisspori, eða 1,2 gCO<sub>2</sub>e/kWst. Stjórnun Landsvirkjunar er einnig í mjög háum gæðaflokki þar sem sjálfbærniþættir eru að fullu samþættir heildarstarfsemi fyrirtækisins og útgefnir opinberlega í ársskýrslu fyrirtækisins. Þar eru fyrirliggjandi umfangsmikil gögn sem eru í samræmi við Global Reporting Initiative (GRI) og Carbon Disclosure Project (CDP).</p> <p>Reglulegar og tíðar kannanir sem mæla starfsmannaánægju eru framkvæmdar, ásamt því að starfsmannaviðtöl fara fram tvisvar á ári. Sérstakir árangursvísar (KPI) eru notaðir sem viðmið, mikil áhersla er á jafnréttismál og inngildingu og yfirgripsmiklar stefnur tryggja að allar áhættur og tækifæri séu tilgreind. Bæði fulltrúar stéttarféлага og starfsfólk hefur staðfest almenna ánægju með starfsmannamál fyrirtækisins. Allt starf er varðar heilsu og öryggi er yfirgripsmikið og tíð þjálfun er hjá starfsfólki fyrirtækisins sem og hjá starfsfólki verktaka. Einnig á það við allt starfsfólk sem vinnur einungis tímabundið, eins og nemendur í sumarvinnuáætluninni. Heilsa og öryggi er undir eftirliti Vinnueftirlitsins. Allar stefnur, áætlanir og ferlar sem tengjast mannauðsmálum og málefnum er varða heilsu og öryggi eru að fullu og án undantekninga útfærð og ná til verktaka, birgja og viðskiptafélaga, þar sem allir samningar innihalda ákvæði um keðjuábyrgð.</p> <p>Virkjunin býr yfir rótgrónu kerfi sem notað er til að stjórna og bregðast við jarðvegs og vatnsgæðamálum (svo sem vistkerfisstjórnun, uppræðslu, fyrirbyggjandi aðgerðum vegna vinnu við vatnatilskipun ESB (WFD) o.s.frv.) ásamt því að ný mál eru stöðugt metin. Öllum lágmarkskröfum hefur verið mætt en ekki hefur náðst að uppfylla eina af ýrari kröfum – set er viðvarandi vandamál vegna lekvatns úr aðgöngum og flutnings milli vatnasviða.</p>

Landsvirkjun hefur þá stefnu að vera góður granni og þegar fyrirtækið á í samskiptum við samfélög sem verða eða hafa orðið fyrir áhrifum frá virkjunum, þá dregur fyrirtækið úr þeim áhrifum og bætir upp neikvæð áhrif og skilar hagsbótum. Öryggi innviða er þar á meðal þar sem stöðin er með mjög yfirgripsmikla innviðaöryggisáætlun í nánu samstarfi við viðbragðsaðila á svæðinu (svo sem slökkvilið og lögreglu o.fl.) sem felur í sér reglubundna þjálfun og neyðaráæfingar. Neyðaráætlanir eru til staðar fyrir breiðar sviðsmyndir atvika, allt frá minniháttar olíuleka til meiriháttar bilana í stíflum.


Fljótsdalsvirkjun, ásamt álverinu Alcoa Fjarðaál, hefur haft umbreytandi áhrif á samfélagið og atvinnulífið í kring. Íbúum Austurlands fjölgaði frá árinu 2003 úr 9.280 í 11.085 árið 2024 og á svæðinu er framleiddur tæplega fjórðungur af útflutningi Íslands, af 3% þjóðarinnar.

Engar vísbendingar eru um að leyfisskilyrði eða samningsbundnar/frjálsar skuldbindingar við samfélög hafi ekki verið uppfyllt. Virkjunin hefur bætt innviði og aðgengi, greiðir umtalsverða skatta (þó ójafnt dreift) og styður marga hópa með margvísleg málefni, þar á meðal við stjórnun landssvæðis, rof vatnsbakka, fiskveiðar, ferðaþjónustu og menningu. Lífsviðurværi og lífskjör hafa batnað hvað varðar nánast öll atriði, þó er einn hópur fólks sem hefur orðið fyrir áhrifum, en það eru landeigendur neðan við aflstöðina með veiðirétt í Lagarfljóti og hefur þessi þáttur lífsviðurværis þeirra ekki enn verið endurreistur. Áhætta á líffræðilegum fjölbreytileika sem tilgreind er í mati á umhverfisáhrifum (EIA) leiddi til fjölda leyfisskilyrða og frjálsra skuldbindinga í gegnum Sjálfbærni- og umhverfisráðgjafastofn Austurlands. Þeim hefur sem hefur verið hrint í framkvæmd án skorts á hlítu eða ósamræmi. Viðeigandi stofnanir stjórna og fylgjast með líffræðilegum fjölbreytileika. Þau fáu neikvæðu áhrif sem spáð hafði verið að gætu komið fram hafa ekki raungerst og stofn nokkurra tegunda hefur stækkað. Orsök þessa tengist almennt ekki virkjuninni, að undanteknu vatnabúsvæði Jökulsár á Dal, sem hefur batnað í kjölfar tilkomu virkjunarinnar (minna rennsli í ánni og minna set frá jöklinum). Laxaseiðum hefur verið sleppt í ána til að styðja við stærð stofnsins og flýta fyrir stofnun nýrra vatnabúsvæða. Umsjón með hreindýrahjörðum er aðallega í höndum ríkisstofnana og styður Landsvirkjun vöktunina. Uppgræðslustarf er umfangsmikið og árangursríkt. Vistkerfi á starfssvæði virkjunarinnar ættu almennt að geta verið heilbrigð, virk og lífvænleg. Tækifæri til að stjórna vistkerfum á svæðinu og ná betri verndunarárangri í víðara mæli með bættri samhæfingu ríkisstofnana, ríkisfyrirtækja eins og Landsvirkjunar og annarra hagaðila eru fyrir hendi en hafa ekki enn verið nýtt.

Margir fornleifa- og sögustaðir hafa verið skráðir á áhrifasvæði virkjunarinnar. Nokkrir staðir sem urðu fyrir áhrifum þegar grafið var fyrir Háslóni voru grafnir upp og aðrir sem talið var að gætu orðið fyrir áhrifum af veðrun árbakka og breytingum á grunnvatnsstöðu hafa verið í vöktun og verndaðir eins og þörf krefur. Landsvirkjun vinnur náið með Minjastofnun, hefur lýst yfir vilja til að taka á öllum málum sem kunna að koma upp og stutt við fjölda framtaksverkefna er varða menningarminjar á svæðinu.

Ísland er stöðugt, frjálst og opið lýðræðisríki, sem skorar gjarnan hátt eða afar hátt í sjálfstæðum vísitölum af ýmsu tagi er lúta að stjórnskipan. Leiðarljós stjórnarháttanna í Landsvirkjun er að fyrirtækið sé leiðandi í íslensku viðskiptaumhverfi með agaðar stefnur og ferla og góð innri stjórnunartæki til að hrinda þeim í framkvæmd. Sjálfbærni er kjarnamál, að fullu fellt inn í rekstur fyrirtækisins og birt sem samþættur hlut af ársskýrslunni. Sambland framúrskarandi markaðsaðstæðna og góðrar stjórnunar hefur leitt til þess að fyrirtækið hefur verið með methagnað tvö ár í röð. Innkaup byggjast á keðjuábyrgð sem miða við háa staðla Landsvirkjunar en byggja einnig á álitu utanaðkomandi sérfræðinga sem leggja fram lista af birgjum sem taldir eru uppfylla tilskilda staðla Landsvirkjunar fyrirfram. Það eina sem þarf að staldra við er þáttur utan fyrirtækisins, sem er ósamngjörnt dreifing af ávinningi sem stafar af eðli

	<p>fasteignaskattsins. Þetta mál er greinilega vel á veg komið í átt að umbótum og verður stórt skref í átt að jafnvægi milli neikvæðs og jákvæðs ávinnings meðal sveitarfélaga sem Landsvirkjun hefur margvíslega starfsemi sína í.</p> <p>Samskiptateymi Landsvirkjunar og Fljótsdalsstöð taka sameiginlega þátt í að upplýsa hagaðila með margvíslegum ferlum og leiðum. Sjálfbærni-verkefni Austurlands er skilvirkt ferli sem auðveldar gagnreynda umfjöllun um áhrif virkjunarinnar. Þó að meirihluti hagaðila á staðnum og almenningur hafi jákvæðar skoðanir á endurnýjanlegri orku almennt séð og virkjuninni sérstaklega og sé ánægður með nálgun Landsvirkjunar hvað varðar samskipti og samráð, þá eru nokkur tækifæri til úrbóta í sérstökum málum. Eitt slíkt mál væri að auka sýnileika virkjunarinnar fyrir gesti og miðla sögu hennar í meiri mæli, sem og áhrifum og ávinningi af starfseminni. Einnig væri hægt að bæta upplýsingagjöf um viðnám verkefnisins gegn loftslagsbreytingum.</p> <p>Landsvirkjun er með alhliða stjórnunar- og vöktunarkerfi til að meta núverandi og framtíðar vandamál, bæði viðvarandi og ný, sem tengjast vatnafræðilegum breytileika og framleiðslugetu. Þetta kerfi byggir margvíslegum vöktunarmælingum (rennslismælum, mælingum á snjóforða/afkomumælingum jökla, veðurmælingum, vatnsborðsmælingum í lónum og stöðuvötnum, grunnvatnsstöðu o.s.frv.) sem er stöðugt fylgt eftir í samvinnu við Veðurstofu Íslands til að meta áhrif á tiltekna virkjanir (í þessu tilviki Fljótsdalsstöð/Kárahnjúkavirkjun). Öllum lágmarkskröfum hefur verið mætt og alhliða stjórnunar- og vöktunarkerfið leiðir til þess að 14 af 16 ýtrari kröfum eru uppfylltar. Glöppur á ýtrari kröfum eru vegna takmarkana í flutningskerfinu á Íslandi sem kemur í veg fyrir að Fljótsdalsstöð/Kárahnjúkavirkjun geti hagrætt og hámarkað starfsemi sína að fullu. Þær koma einnig í veg fyrir að virkjunin hafi sveigjanleika til að laga sig að framtíðarbreytingum.</p> <p>Landsvirkjun býr yfir mjög yfirgripsmikilli og metnaðarfullri áætlun til að takast á við málefni tengd loftslagsbreytingum (eins og sést af CDP og GRI skuldbindingum og stöðugu mati á loftslagsáhættu, einnig birt í CDP). Hrein losun fyrirtækisins er mjög lág en stöðugt er unnið að því að draga enn frekar úr losun frá rekstri. Allar lágmarkskröfur eru uppfylltar sem og ýtrari kröfur.</p>
Takmarkanir matsins	<p>Matsfólk hefur ekki tilgreint neinar alvarlegar takmarkanir vegna matsins. Dagskrá matsins var frekar erilsöm (50 viðtöl á fjórum dögum og tvö að auki í gegnum myndsimtal eftir að matshópurinn fór frá Íslandi), en Landsvirkjun bauð upp á vel útfært skipulag sem leiddi til þess að viðtöl og vettvangsskoðanir gengu snurðulaust og vel fyrir sig.</p>




Mynd 1 – Sjálfbærniastaðall vatnsorku. Niðurstöðumyndrit



## B. Upplýsingar um virkjunina

Heiti virkjunar	Fljótsdalsstöð
Land	Ísland
Staðsetning	Austurland, rétt austan við Egilsstaði, staðsetning virkjunar u.þ.b. 65°00' N and 15°01' W
Tilgangur	Framleiðsla á rafmagni með vatnsafli
Framkvæmdaaðili/eigandi	Landsvirkjun
Fjármögnunaraðili (ar)	Í eigu ríkisins, fjármögnuð aðallega með skuldabréfaútgáfu Landsvirkjunar
Uppsett afl (MW)	690 MW
Upphafsdagur verks (áætlaður eða raunverulegur)	2003
Upphafsdagur rekstrar (áætlaður eða raunverulegur)	2007
Meðal orkuframleiðsla á ári (GWst/ár)	4.800 (áætlun), breytileg milli 4.800 og 5.000
Tengd mannvirki: vegir (lengd)	104 km
Háspennulínur og dreifistöðvar (heiti, lengd og afl)	Tvær 55 km 400 kV línur með 220 kV
Heildarkostnaður (m. USD)	Ekki gert opinbert
Árlegur rekstrarkostnaður (m. USD)	Ekki gert opinbert
Sértækur fjárfestingarkostnaður (m. USD/MW)	Ekki gert opinbert
Kostnaðarverð raforku (USD/kWst)	Ekki gert opinbert
Tegund stíflu	CFRD
Hæð stíflu (m)	6 stíflur: 198 m (Kárahnjúkastífla); 69 m (Desjarárstífla); 25 m (Sauðárdalsstífla); 26 m (Kelduárstífla); 37 m (Ufsarstífla); og 15 m (Grjótárstífla)
Lengd stíflu (m)	Í sömu röð og hér fyrir ofan: 730 m; 1.000 m; 1.100 m; 1.650 m; 620 m; og 150 m
Einingar (fjöldi, MW, tegund)	6 x 115, Francis
Flatarmál lóns við hæstu vatnsstöðu (km <sup>2</sup> )	62
Meðal nettó fallhæð (m)	599 metrar (verg fallhæð)
Meðalrennsli (m <sup>3</sup> /s)	151,7
Hönnunarrennsli hverfla (m <sup>3</sup> /s)	144
Nýtingarstuðull	76% (áætlaður), stuðull >80% hefur náðst flest ár
Fjöldi heimila sem þurfa búferlaflutninga	0
Aflþéttni (W/m <sup>2</sup> )	9,7
Kolefnisspor á orkueiningu (gCO <sub>2</sub> e/kWh)	1,2 gCO <sub>2</sub> e/kWst (verulega lægri en gögn um meðal kolefnisspor annarra sjálfbærra orkuauðlinda sýna)
Tengiliðir/vefsíða	<a href="https://www.landsvirkjun.com/lvpower/lvpowerprojects/karahnjukar">https://www.landsvirkjun.com/lvpower/lvpowerprojects/karahnjukar</a>

# Fljótisdalsstöð, 690 MW, Ísland



Mynd 1 – Uppdráttur af virkjanasvæði

Fljótsdalsstöð, 690 MW, Ísland

## C. Árangur gagnvart lágmarkskröfum

Engar meiriháttar gloppur gagnvart lágmarkskröfum.

Í Umsagnarferli

## D. Árangur gagnvart ýtrari kröfum

	Efnisbættir											
	1. Umhverfis- og samfélagsleg áhrif, mat og stjórnun	2. Vinnuafli og vinnuástaða	3. Vatnsgæði, rof- og setmyndun	4. Samfélagsleg áhrif og öryggi innviða	5. Búferlaflutningar	6. Líffræðileg fjölbreytni og ágengar tegundir	7. Frumbyggjar	8. Menningararfleifð	9. Stjórnarhættir og innkaup	10. Samskipti og samráð	11. Vatnsauðlindir	12. Loftslagsbreytingar, mótvegisaðgerðir og viðnám
HEILDARTALA KRAFNA	6	5	11	21	5	6	8	5	6	15	16	15
FJÖLDI KRAFNA SEM ERU UPPFYLLTAR	6	5	10	20	Á ekki við	5	Á ekki við	5	5	13	14	15
HLUTFALL UPPFYLLTRA KRAFNA	100	100	91	95	Á ekki við	83	Á ekki við	100	83	87	88	100
Athugasemd:												
<ul style="list-style-type: none"> <li>Sérhver vatnsaflsvirkjun verður að uppfylla allar lágmarkskröfur í öllum efnispáttum til þess að fá HS vottun.</li> <li>Silfurvottun HS er einungis í boði til þeirra vatnsaflsvirkjana sem uppfylla að minnsta kosti 30% af ýtrari kröfum í öllum efnispáttum.</li> <li>Gullvottun HS er einungis í boði til þeirra vatnsaflsvirkjana sem uppfylla að minnsta kosti 60% af ýtrari kröfum í öllum efnispáttum.</li> </ul>												

## E. Umhverfis- og samfélagsleg aðgerðaáætlun

Lágmarks kröfur							
Efnispáttur	Meirháttað glöppa	Aðgerðir	Ábyrgð	Vísir að umbótum	Tímarammi		
					<12 mánuðir	12-24 mánuðir	>24 mánuðir
Engar meiriháttað glöppur eru gagnvart lágmarkskröfum							

Ýtrari kröfur							
Efnispáttur	Krafa	Aðgerðir	Ábyrgð	Vísir að umbótum	Tímarammi		
					<12 mánuðir	12-24 mánuðir	>24 mánuðir
3	Rof og setmyndun sem tengjast rekstrinum valda ekki viðvarandi vandamálum fyrir umhverfið, samfélagslega þætti eða efnahagsleg markmið virkjunarinnar eða svæða sem gætu orðið fyrir áhrifum af henni.	Áfram er reynt að gera umbætur á þeim vandamálum sem hljóta af seti sem flyst á milli vatnasviða.	Landsvirkjun í samvinnu við ytri samstarfsaðila og sérfræðinga.	Sjá 4. þátt hér fyrir neðan, glöppan er tilkomin af sömu ástæðu og möguleg lausn verður eins.			X
4	Þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að bæta lífsviðurværi og lífskjör eru á réttri leið með að verða sjálfbær til lengri tíma lítið.	Áfram verður haldið að byggja upp laxfiskstofna í Lagarfljóti og hliðarám fyrir landeigendur sem eiga veiðirétt neðan stíflu.	Landsvirkjun í samvinnu við ytri samstarfsaðila og sérfræðinga.	Veiði í Lagarfljóti verður endurreist, eins og eftirlitsskýrslur hafa sýnt eða önnur gögn sýna að önnur niðurstaða er möguleg gagnvart landeigendum sem orðið hafa fyrir áhrifum.			X
6	Ferlar eru til staðar sem ráðgera og bregðast við vaxandi áhættu og tækifærum	Komast að niðurstöðu um áætlanir varðandi hálendisþjóðgarð og bæta samhæfingu hvað varðar svæðisskipulag milli	Ríkisstjórn Íslands, verndarsvæði, sveitarstjórnir, stjórnir friðlýstra svæða, Landsvirkjun og aðrir hagaðilar.	Svæðisskipulag norður af Vatnajökli þarf að endurspegla kröfur um markmið fyrir vistkerfið og tegundir.			X

Fljótsdalsstöð, 690 MW, Ísland

		ríkisstjórnarinnar, stjórnna friðlýstra svæða, Landsvirkjunar og annarra hagaðila.					
9	Engin óleyst málefni fyrirtækja og ytri stjórnarháttar hafa verið tilgreind	Umbætur í skattheimtu.	Ekki hvað varðar Landsvirkjun heldur að því marki að ráðgjöf frá viðeigandi opinberum stofnunum geti komið að gagna.	Ný lög um fasteignaskatt veita sanngjarnari hlutdeild í tekjustofninum fyrir alla aðila sem verða fyrir áhrifum af virkjuninni.		X	
10	Ferlar eru til staðar sem ráðgera nýjar áhættur og tækifæri svo hægt sé að bregðast við	Auka sýnileika virkjunarinnar fyrir gesti sem heimsækja svæðið.	Landsvirkjun í samstarfi við aðra hagaðila eins og söfn, menningasetur, Austurbrú og Vatnajökulsþjóðgarð.	Endurnýja skilti, sýningar, bæklinga, og/eða sýnileika á samfélagsmiðlum.		X	
10	Mat á viðnámi virkjunarinnar í loftlagsmálum er birt opinberlega	Upplýsingar eru gerðar opinberar um áhrif loftslagsbreytinga og viðnám virkjunarinnar (þ.m.t. tæknileg, viðskiptaleg, umhverfis- og samfélagsleg atriði).	Landsvirkjun	Upplýsingar eru aðgengilegar almenningi í formi skýrslna, á vefsíðu Landsvirkjunar eða í ársskýrslu fyrirtækisins.		X	
11	Áætlanagerð framleiðslu hagræðir og hámarkar skilvirkni vatnsnotkunar og Áætlanagerð framleiðslu hefur sveigjanleika til að sjá fyrir og laga sig að framtíðarbreytingum	Áframhaldandi samstarf við Landsnet við að fjarlægja flöskuhálsa í dreifikerfinu.	Landsvirkjun í samvinnu við ytri samstarfsaðila og sérfræðinga.	Ekkert eða lítið uppsett afl er bundið í flöskuhálsa skv. upplýsingum sem Landsnet eða Landsvirkjun birta opinberlega.			x

Operation

## F. Skammstafanir og styttingar

CDP	Carbon Disclosure Project – Samtökin CDP stuðla að samræmdri og faglegri upplýsingagjöf um umhverfismál, ásamt því að veita endurgjöf og hvetja til stöðugra umbóta.
CPI	Corruption Perception Index – Vísitala sem uppfærð er af alþjóðlegu samtökunum gegn spillingu: <i>Transparency International</i> (transparency.org)
EES	Evrópska efnahagssvæðið
EIA/MÁU	Environmental Impact Assessment – Mat á umhverfisáhrifum
ESG	Environmental, Social and Governance – Umhverfis, samfélagslegir og stjórnarþættir
ESB	Evrópusambandið
g	gramm
GDP	Gross Domestic Product – Verg landsframleiðsla
GHG	Green-House Gas - Gróðurhúsalofttegundir
GRI	Global Reporting Initiative – Framtaksverkefni um alþjóðlega (sjálfbærni)skýrslugjöf
ILO	International Labour Organization - Alþjóðavinnuástandstofnunin
IPCC	Inter-governmental Panel on Climate Change – Milliríkjanefnd um loftlagsbreytingar
ISK	Íslensk króna (1 € = 150 ISK í október 2024)
ISO	International Organization for Standardization - Alþjóðlegu staðlasamtökin
km	1.000 metrar
KPI	Key Performance Index – lykilárangursvísar/mælikvarðar
kWst	kílóWattstundir – 1 kWst er sú orka sem er framleidd með t.d. vatnsaflshverfli með uppsettu afli sem er 1 kW á einni klukkustund.
m	metri
m.y.s.	Metrar yfir sjávarmáli (hæð)
MW	MegaWatt – ein milljón wött af (í þessu tilfalli) uppsettri orkuframleiðslugetu af vatnsafl
RCP	Representative Concentration Pathway – (módel sviðsmynd til notkunar í módelgerð vegna loftlagsbreytinga)
Sp	Sameinuðu þjóðirnar
USD	United States dollar – Bandarískur dollari (1 USD = 137 ISK í október 2024)
W	Watt, SI eining fyrir afl
WFD	Water Framework Directive (EU Directive) – Vatnatilskipun ESB



# 1 Umhverfis- og samfélagsleg áhrif, mat og stjórnun

Gildissvið og meginreglur	
<p>Í þessum efnisþætti er rætt um áætlanir og ferla fyrir stjórnun á umhverfis- og samfélagslegum málum. Meginreglan er að neikvæðum áhrifum frá vatnsaflsvirkjunum á umhverfið og samfélagið er stjórnað; reynt er að forðast þau, lágmarka, farið er í mótvægisáðgerðir, bætur inntar af hendi uns skuldbindingar er varða umhverfið og samfélagið eru uppfylltar.</p>	
Forsendur	
Tilgreina helstu umhverfis- og samfélagsleg álitamál sem geta komið upp þegar rekstur virkjunar er hafinn	Atriði er varða vatnasvið neðan stíflu þeirra tveggja áa sem hafa orðið fyrir áhrifum af virkjuninni, en það eru Jökulsá á Dal og Jökulsá í Fljótsdal (þ.m.t. Lagarfljót); fiskur er á því svæði í báðum ám, rof er í árbökkum í kringum Háslón og í sumum samfélögum sem orðið hafa fyrir áhrifum af virkjuninni má enn finna að sumum þyki ósanngjarnt að fasteignaskattar séu greiddir til sveitarfélagsins þar sem stöðin er staðsett, án þess að tilgreint sé hvar (neikvæð) áhrif koma fram.
Tilgreina eftirlitsyfirvald	Umhverfisstofnun, sem er undir Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, metur umhverfisáhrif (EIA – Environmental Impact Assessment) og þróunaráform, ásamt því að hafa eftirlit og setja reglur um skuldbindingar er varða virkjanaleyfið. Umhverfis- og heilbrigðiseftirlit á svæðinu veita starfsleyfi er varða matvælaöryggi, umhverfisgæði og atriði sem vísa að almennum hreinlætisaðstæðum.
Tilgreina annað eftirlitsyfirvald (t.d. hvað varðar land, vatnsnotkun, frumbyggja o.fl.)	Orkustofnun er eftirlitsstofnun orkumála og er nú er nú eftir samruna undir sama ráðuneyti og Umhverfisstofnun. Heilbrigðiseftirlit Austurlands gefur út starfsleyfi til tólf ára, það leyfi sem nú er í gildi gildir frá 2021 til 2033. Vinnueftirlitið hefur eftirlit með öryggismálum varðandi stórar vinnuvélar og fleira. Almannaþingin hafa eftirlit með öryggi almennings, sjá 4. efnisþátt. Sveitarfélögin, sem eru tvö þegar kemur að Fljótsdalsstöð, Fljótsdalshreppur og Múlaþing, gefa út framkvæmda- og byggingarleyfi, sem verða að vera í samræmi við skipulagsáætlun þeirra.
Gera samantekt um þær kröfur sem fram koma í umhverfismati	Í grein 3.02 í viðauka 1 í lögum nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum (EIA/MÁU) af virkjunum og áætlunum þar að lútandi segir: „... aðrir (þ.m.t. vatnsaflsvirkjanir) með meira en 10 MW af uppsettu afli“ verða alltaf að starfa í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt 5. grein laganna.
Skrá lýsingu á ófnislegri menningararfleifð á svæði verkefnisins	Óbyggð víðerni eru mikilvægur hluti af lífsgæðum margra Íslendinga og eru fremur hluti af menningarlegri sjálfsmynd heldur en að þær hafi afþreyingargildi. Á svæði virkjunarinnar eru hreindýr veidd á ákveðnum tíma á hverju ári, hreindýraveiðar eru einnig afar stór hluti af menningarlegri sjálfsmynd margra.
Aðrar viðeigandi upplýsingar	E/V

Operation



Lágmarkskröfur		Ýtrari kröfur		
Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)	Niðurstöður og athugasemdir	Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)	Niðurstöður og athugasemdir	
<b>MAT</b>				
Kerfisbundnir ferlar eru til staðar sem tilgreina hvers kyns umhverfis eða samfélagsleg álitamál sem fram hafa komið eða gætu komið fram við rekstur vatnsaflsvirkjunar	✓	Landsvirkjun fór í gegnum mikilvægisgreiningu á árunum 2018-2020. Nú hefur ný verið gerð sem er samstilling við löggjöf ESB um sjálfbærnisráðgjöf og verður unnið eftir henni væntanlega frá árslokum 2024. Greiningin sem framkvæmd var 2018-2020 tilgreindi níu atriði sjálfbærni sem mikilvæg, þrjú þeirra falla beinlínis undir stjórnun umhverfismála: <u>loftlagsaðgerðir</u> , <u>orkuvinnsla í sátt við náttúru landsins</u> og <u>bætt nýting auðlinda og minni soun</u> . Sjálfbærni verkefni Landsvirkjunar eru aðallega unnin á fyrirtækjastigi, en í Fljótsdalsstöð er vöktun með lykil umhverfis- og samfélagslegum þáttum sem og ný mál sem upp koma. Að hluta til er vöktunin framkvæmd af starfsfólki stöðvarinnar en einnig með aðstoð sérfræðinga sem ráðnir eru sérstaklega til verksins og þá helst í gegnum Sjálfbærni verkefni Austurlands, sjá nánar hér fyrir neðan.	✓	Landsvirkjun og Fljótsdalsstöð er alltaf stjórnað á forvirkan hátt og ávallt er farið í verkfærakistu bestu starfsvenja og ferla sem styðja við reksturinn, þar með talið CDP og GRI. Vöktun er til staðar vegna eftirfarandi atriða, s.s. vatnsnotkunar, vatnsgæða (viðvarandi vinna við samræmingu við vatnatilskipun (WFD)), fiska, gróðurfars, fugla, hreindýra, rofs og áfoks. Þessar vöktunaráætlanir eru gerðar með aðstoð fjölda utanaðkomandi sérfræðinga og stofnana, s.s. háskóla og rannsóknarstofnana, ásamt ráðgjafafyrirtækja sem sérhæfa sig á þessu sviði. Nú er þó tækifæri til þess að endurtaka innra mat sem fram fór 2017 um lágmrörkun og mótvægisáðgerðir á þeim 20 upprunalegu skilyrðum fyrir virkjunarleyfið, miðað við að nú hafa sjö ár liðið frá því að slíkt mat var síðast framkvæmt. Þetta er talin vera <b>minniháttar gloppa</b> , sem gæti þróast út í að verða meiriháttar ef ekki verður ráðist í að endurtaka matið fyrir árið 2027.
Ferlar eru grundvallaðir á viðeigandi sérfræðiþekkingu	✓	Meðal starfsfólks Landsvirkjunar eru margir reyndar sérfræðingar á ýmsum sviðum sjálfbærni. Í þeim tilvikum þar sem þörf er á annarri sérfræðiþekkingu er hún sótt til ytri stofnanna, oft ríkisrekkinna, eins og		

Lágmarkskröfur		Ýtrari kröfur	
Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)	Niðurstöður og athugasemdir	Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)	Niðurstöður og athugasemdir
	Náttúrustofu Austurlands, sem er ein af átta slíkum á Íslandi. Hafrannsóknastofnun (Haf og vatn) veitir aðstoð við gerð vöktunaráætlana fyrir vatnatilskipun Evrópusambandsins (WFD).		
Vöktunaráætlanir eru til staðar varðandi álitaefni sem hafa verið tilgreind	✓ Sjálfbærni-verkefni Austurlands, sem er sameiginlegt verkefni álversins Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar, miðar við bestu starfsvenjur. Því er stjórnað af Austurbrú (stofnun í eigu fjögurra sveitarstjórnarfélaganna á Austurlandi), og hefur gefið út skýrslur sem innihalda víðtæka vísa á samsöfnuðum áhrifum frá álverinu, Fljótsdalsstöð og háspennulínunum sem tengjast þeim. Verkefnið hófst áður farið var að byggja virkjunina. Náttúrustofa Austurlands hefur frá árinu 2006 vaktað gróðurfar á 72 stöðum, einnig rannsakar hún breytingar á grunnvatnsborði, flóðum og áhrifum á gróðurfar, vetrarbitilandi hreindýra og fimm fuglategundum. Virkjunin sendir eftirlitsskýrslur á hverju ári til heilbrigðiseftirlits Austurlands (en einungis er krafa um að skýrslum sé skilað annað hvort ár) um atriði er varða bensínstöð, verkstæði, mengun frá sjálfri virkjuninni, lýðheilsuþætti er varða híbýli í virkjuninni, matvælaöryggi í mötuneyti, gæði drykkjarvatns í		

Lágmarkskröfur		Ýtrari kröfur	
Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)	Niðurstöður og athugasemdir	Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)	Niðurstöður og athugasemdir
	híbýlum virkjunarinnar, í stíflunni, við Háslón og Ufsarlón. Einnig fer fram margvíslegt annars konar eftirlit, sjá t.d. efnisþætti 2, 3, 4, 6 og 11.		
<b>STJÓRNUN</b>			
Umhverfis- og samfélagslegt stjórnunarkerfi er til staðar til þess að stjórna aðgerðum er varða umhverfis og samfélagsleg álitamál	✓ Svið samfélags og umhverfis ber ábyrgð á stjórnun á umhverfis- og samfélagslegum þáttum, sem er til jafns við að sjálfbærni er álitnið kjarnamál í rekstri Landsvirkjunar. Nálgun Landsvirkjunar á stjórnun er byggð á framtíðarsýn – <i>sjálfbær heimur, knúinn af endurnýjanlegri orku</i> . Þessari framtíðarsýn er skipt upp í fimm stefnumið, þ.á.m. <i>“Forysta í loftlags- og umhverfismálum”</i> . Fyrirtækið hefur skuldbundið sig til þess að fylgja Sjálfbærnimarkmiðum SP, með áherslu á markmið númer 5, 7 og 13. Stjórn Landsvirkjunar samþykkti nýja Loftlags- og umhverfisstefnu á árinu 2024. Sjálfbærnisráðgjafar eru hluti ársskýrslunnar, sem sýnir þá áherslu sem fyrirtækið leggur á sjálfbærni. Öll stjórnun fellur undir CCQ-gæðastjórnunarkerfið.	✓ Ferlar eru til staðar sem greina núverandi og yfirvofandi áhættu og tækifæri svo hægt sé að bregðast við.	✓ Sjá nánar hér að ofan um matið.
Stjórnunarkerfið er innleitt með viðeigandi sérfræðiþekkingu (innri og ytri)	✓ Hjá Landsvirkjun starfa sérfræðingar á margvíslegum sviðum og fyrirtækið nýtur einnig ráðgjafar sérfræðinga utan frá, til að mynda frá háskólum, rannsóknarstofnunum og ráðgjafafyrirtækjum.	✓ Áætlanir og ferlar eru innbyggðir í alþjóðlega samþykkt stjórnunarkerfi, vottuð af þriðja aðila, til að mynda ISO 14001.	✓ Fyrirtækið og virkjunin er vottuð með ISO 14001. Nýlega var framkvæmd úttekt á þessum þáttum og niðurstaðan var afar hagkvæm.

Lágmarkskröfur			Ýtrari kröfur		
Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)		Niðurstöður og athugasemdir	Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)		Niðurstöður og athugasemdir
<b>HLÍTNI OG SAMRÆMI</b>					
Ferlum og markmiðum hefur verið fylgt eða eru á áætlun:					
• engin umtalsverð tilvik um skort á hlítni	✓	Engin umtalsverð tilvik um skort á hlítni	Engin tilvik um skort á hlítni	✓	Engin tilvik um núverandi skort á hlítni.
• engin umtalsverð tilvik um skort á samræmi	✓	Engin umtalsverð tilvik um skort á samræmi			
Skuldbindingar er varða umhverfis- og samfélagslega þætti hafa verið uppfylltar eða eru á áætlun	✓	Virkjunin uppfyllir allar umhverfis- og samfélagslegar skuldbindingar. Farið er út í nýjar skuldbindingar þegar við á, t.d. varðandi fiskinn í Lagarfljóti. Allt er gert til þess að mæta þessum skuldbindingum eða þeim er fullkomlega mætt þó að æskilegur árangur hafi ekki náðst. Viðvarandi vinna er í gangi með hagaðilum sem miðar að því að finna sameiginlega ákvörðun sem þýðir að þessi skuldbinding hefur verið uppfyllt.	Engin tilvik um skort á samræmi	✓	Niðurstaða varðandi skuldbindingar gagnvart samfélaginu í kringum Lagarfljót (sjá til vinstri) er enn í vinnslu og lokaniðurstaða hefur ekki fengist. Þar sem rannsóknir eru enn í gangi sem miða að því að finna lausn er hér um að ræða <b>minniháttar gloppu</b> enn sem komið er.
Fjárhagslegar skuldbindingar er varða umhverfis- og samfélagsleg þætti hafa verið uppfylltar eða eru á áætlun	✓	Engar gloppur hafa verið tilgreindar, sjá einnig hér fyrir ofan			
<b>NIÐURSTÖÐUR</b>					
Komið er í veg fyrir neikvæð umhverfis- og samfélagsleg áhrif frá rekstri vatnaflsvirkjana, þau lágmrökuð eða ráðist í mótvægisáðgerðir	✓	Neikvæð áhrif sem spáð var um í umhverfismatinu árið 2001 hafa ekki öll komið fram. Rof og áfok hefur ekki reynst vera í jafn miklum mæli og búist hafði verið við og gróðurþekja á hálendinu hefur reyndar orðið meiri. Neikvæð áhrif á heiðagæsir og villt hreindýr hafa alls ekki komið fram. Þau áhrif sem hafa komið fram eru að mestu eins og búist hafði verið við í	Komið er í veg fyrir neikvæð umhverfis- og samfélagsleg áhrif frá rekstri vatnaflsvirkjana, þau lágmrökuð, ráðist í mótvægisáðgerðir eða bætt fyrir þau	✓	Tegundir laxfiska í Lagarfljóti urðu fyrir neikvæðum áhrifum vegna þess að fljótið gruggaðist, sem var afleiðing þess að jökulvatnið úr Jökulsá á Dal var beint í gegnum virkjunina og út í fljótið. Þessi áhrif voru óumflýjanleg og hafa ekki verið að fullu bætt með mótvægisáðgerðum. Hins vegar hefur verið samvinna milli Veiðifélags Lagarfljóts, Landsvirkjunar og

Operation

Lágmarkskröfur		Ýtrari kröfur	
Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)	Niðurstöður og athugasemdir	Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)	Niðurstöður og athugasemdir
	<p>umhverfismatinu og flest þessara atriða voru tilgreind í leyfisveitingunni.</p> <p>Flest þeirra höfðu strax árið 2010 verið metin að fullu afgreidd af Umhverfisstofnun, eða einungis þremur árum eftir að virkjunarreksturinn hófst. Að auki lét Landsvirkjun gera innanhús mat árið 2017 á þeim sex atriðum sem eftir voru og mátu tvö önnur atriði til viðbótar að fullu afgreidd. Þau atriði sem eftir eru er einungis hægt að meta yfir talsvert lengra tímabil, þar sem um er að ræða langtímavöktun t.d. með botndýrasamfélögum í strandsjó Héraðsflóa (sem báðar árnar renna í) og sveiflur í stofni hreindýra. Fljótsdalsvirkjun hefur fengið vottun á kolefnislosun sína og niðurstaðan er afburðagóð eða 1,2 gCO<sub>2</sub>e/kWst og er heildarlosun fyrirtækisins 3,3 gCO<sub>2</sub>e/kWst, sem er einnig afar lágt og langt undir losun frá sveiflukennndum endurnýjanlegum orkugjöfum eins og vindorku og sólarorku.</p>		<p>Náttúrustofu Austurlands sem tók við af einkafyrirtækinu Laxfiskar ehf. Áhersluatriði í samstarfinu breyttust nýlega og er nú markmiðið að komast að því hvort hliðarar fljótsins séu lífvænlegt búsvæði fyrir laxfiska. Þessi áhrif eru einstaklega erfið viðureignar þar sem þau eru svo augljóslega afleiðing nokkurra atriða. Virkjunin sem er fyrir neðan fljótið og laxastiginn sem byggður var í Lagarfossi eru orsök þessa, en nánast er ógjörlegt að segja hversu mikil áhrif stafa frá hvoru. Þar sem unnið er í samvinnu við hagaðila og sífellt reynt að finna leiðir til að milda áhrifin, með stuðningi frá virtum samtökum, er þessi skuldbinding metin sem <b>minniháttar gloppa</b>.</p>
Landrask í tengslum við framkvæmdir vegna vatnsaflsvirkjana er lagfært eða ráðist í mótvægisáðgerðir	✓		

Lágmarkskröfur		Ýtrari kröfur	
Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)	Niðurstöður og athugasemdir	Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)	Niðurstöður og athugasemdir
	langstærst og fer stækkandi vegna hopandi Brúarjökuls og sandfok berst frá svæðum eftir niðurdrátt í lónunum. Góð stjórnun hefur verið á þessum áhrifum allan rekstrartíma virkjunarinnar með víðtækum og afar skilvirkum áætlunum gegn rofi og uppgræðslu sem framkvæmd hefur verið af stofnuninni Land og Skógur (nýlegur samruni Landgræðslunnar og Skógræktarinnar), sem heyrir undir matvælaráðuneytið.		
Virkjunin eða eigandi hennar getur greitt fyrir samfélags- og umhverfislegar skuldbindingar	✓ Í fjárhagsáætlun virkjunarinnar er gert ráð fyrir að hægt sé að annast viðvarandi skuldbindingar en einnig er ákveðinn sveigjanleiki fyrir hendi til þess að hægt sé að mæta nýjum áhættum og tækifærum.		

<b>Fjöldi liða sem skortir umtalsvert á til að uppfylla lágmarkskröfur</b>	<b>Fjöldi uppfylltra ýtrari krafna</b>
Engar meiriháttar gloppur eru gagnvart lágmarkskröfum	6 af 6 (100%)

<b>Útdráttur niðurstaðna og önnur eftirtektarverð atriði</b>
Viðvarandi mat og stjórnun á atriðum er varða sjálfbærni í vatnsaflsvirkjuninni Fljótsdalsstöð og á fyrirtækjastigi er á mjög háu stigi. Umfangsmikil vöktun, sem var útvíkkuð enn frekar vegna vinnu vegna vatnatilskipunar og flokkunarreglugerðar ESB, er til staðar og ávallt er brugðist við nýjum áskorunum bæði hratt og á skilvirkan hátt. Virkjunin hlítur og sýnir samræmi öllum skilyrðum og skuldbindingum og framleiðir raforku með afar lágu kolefnisspori, eða 1,2 gCO <sub>2</sub> e/kWst. Stjórnun fyrirtækisins í heild er einnig á mjög háu stigi þar sem atriði er varða sjálfbærni eru að fullu samþætt inn í allan rekstur og upplýsingar þar um útgefnar opinberlega í ársskýrslu fyrirtækisins. Þar með talin eru umfangsmikil gögn gerð opinber í samræmi við GRI og CDP.

<b>Viðeigandi gögn</b>	
Viðtöl	1 – 3, 11, 14, 15, 17, 20, 21, 23, 27, 34, 37, 41, 43, 47, 49, 50 – 52
Skjöl	38, 42 – 46, 48, 50, 52, 55, 58, 61, 71, 73, 76, 77, 81, 82, 99, 100, 112 – 116, 121, 127, 129, 130, 135, 137 – 141, 151, 153, 156, 160, 162, 164, 169 – 171, 173, 174, 178, 181, 189, 193, 204, 216, 222 – 224, 245, 248

Ljósmyndir	1 – 8, 10 – 12, 18 – 22, 26, 27, 31 – 34, 36 – 43, 45, 46, 48 – 58, 63 – 65, 68 - 72
------------	--

Í Umsagnarferli



## 2 Vinnuafli og vinnuaðstaða

Gildissvið og meginreglur
Þessi efnispáttur fjallar um málefni starfsfólks og vinnuaðstaður, þar með talin tækifæri sem starfsfólki og verktökum standa til boða, jafnrétti, fjölbreytileika og heilsu og öryggismál. Meginreglan er að starfsfólk njóti sanngirni og sé verndað.

Forsendur	
Nauðsynlegur fjöldi starfsfólks þegar stöðin er í rekstri (miðað við fullt starf)	Heildarstarfsmannafjöldi Landsvirkjunar er alls 359, 2/3 eru karlmenn. Hjá Fljótsdalsstöð starfa 15 manns við kjarnastarfsemi en þríf eru útvistuð.
Helstu reglugerðir varðandi starfsfólk	Lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980.
Helstu reglugerðir varðandi öryggi og heilsu	Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980; Reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, nr. 785/1999; Reglugerð um fráveitur og skólp, nr. 798/1999; Reglugerð um aðbúnað,
Tilgreindir eftirlitsaðilar fyrir vinnulöggjöf og öryggis- og heilsumál	Almenna vinnulöggjöfin heyrir undir félags- og vinnumarkaðsráðuneytið. Aðallega tvær stofnanir bera ábyrgð á framfylgd laganna, annars vegar Vinnumálastofnun sem helsta hlutverk er að
Aðrar viðeigandi upplýsingar	Landsvirkjun hefur á virkan hátt ráðið konur í allar tegundir starfa (45% af nýju starfsfólki á síðustu 12 mánuðum) en starfsmannavelta þeirra hefur reynst vera há.

Lágmarkskröfur		Ýtrari kröfur	
Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)	Niðurstöður og athugasemdir	Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)	Niðurstöður og athugasemdir
<b>MAT</b>			
Reglubundið uppfært mat var framkvæmt á atriðum er varða starfsmannamál og mannauðsstjórnun á rekstrarstaðnum	✓ Virkjunin hefur einungis 15 manns í vinnu ásamt þeim sem starfa við útvistaða þjónustu. Mat á breytingum á mannauði er sífellt í athugun og hvenær sem þörf er fyrir nýtt starfsfólk er það tilkynnt til höfuðstöðvanna til samþykkis yfirmanna. Reglulega er þess gætt að	Tilgreina álitamál sem fram eru komin eða gætu komið fram vegna mannauðsmála og meta út frá breiðum sviðsmyndum bæði áhættu og tækifæri	✓ Til viðbótar við starfsánægjukannanir og skjöl um öryggismál eru starfsmannaviðtöl haldin tvisvar á ári og inngildingarstuðull notaður (hefst í lok árs 2024 en hann er byggður á áliti starfsfólks um það hvað því finnst um inngildinguna í fyrirtækinu).



Lágmarkskröfur			Ýtrari kröfur		
Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)		Niðurstöður og athugasemdir	Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)		Niðurstöður og athugasemdir
		fjölbreytileiki haldist í starfsfólkshópnum, launajafnrétti (skv. íslenskum lögum) er kannað mánaðarlega. Mannauðsstjórnun í virkjuninni endurspeglar áætlanir og ferla frá höfuðstöðvunum, en munurinn er sá að í virkjuninni er styttra á milli boðlína.			Regluleg viðtöl við starfsfólk varðandi öryggisáhættu, samskipti o.fl. Málum er fylgt nákvæmlega eftir árlega og styðst mannauðsdeildin við lykilárangursvísa eða mælikvarða (Key Performance Indicators, KPI) og leitar eftir nýjum stefnum og hættumerkjum (rauð flögg). Samantekin niðurstaða af öllum könnunum og rannsóknum er aðgengileg á innra neti fyrirtækisins og yfirmaður hvernar einingar ber ábyrgð á því að fylgja eftir málefnum er varða áhættur og tækifæri.
Matið innhélt atriði er varða öryggi og heilsu starfsfólks á svæðinu, áhættu og stjórnunaraðgerðir	✓	Mat á heilsu- og öryggismálum er ekki afgreitt einu sinni heldur er um sífellt mat að ræða, bæði á fyrirtækjastigi og í virkjuninni. Starfsfólk er tryggt allan sólarhringinn, ekki einungis á vinnutíma.			
Vöktun er í gangi til þess að meta hvort stjórnunaraðgerðir eru skilvirkar	✓	Landsvirkjun framkvæmir innanhúss kannanir og rannsakar tölfræðigögn þvert yfir fyrirtækið. Starfsánægjukönnun er dreift á sex vikna fresti. Hún inniheldur níu spurningar, átta þeirra eru endurteknar frá fyrri könnunum og síðasta spurningin er breytileg eftir því hvað mál er efst á baugi í starfsmannamálum.			
Tilgreind hafa verið atriði varðandi mannauðsstjórnun sem ýmist eru komin fram eða gætu komið fram	✓	Sjá hér fyrir ofan.			
STJÓRNUN					
Áætlanir, stefnur og ferlar fyrir starfsfólk og mannauðsstjórnun eru til staðar og lúta að öllum	✓	Fyrirtækið er með alþjóðlegu vottunina ISO 45001. Fyrirtækið notar CCQ kerfið fyrir heildarstjórnunarþarfir þess og	Ferlar eru til staðar sem greina yfirvofandi áhættu eða tækifæri svo hægt sé að bregðast við	✓	Stöðugt fer fram skráning á álitum starfsfólks, öryggisskráningum og öryggisæfingum í virkjuninni, þar á meðal hjá slökkviliðinu; árlegar

Lágmarkskröfur		Ýtrari kröfur	
Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)	Niðurstöður og athugasemdir	Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)	Niðurstöður og athugasemdir
atriðum er varða skipulag mannauðs	mannauðs- og vinnustjórnun er að fullu samþætt. Stefna sem tengist mannauðs- og vinnustjórnun felur í sér: mannauðs- og jafnréttisstefnu, starfskjarastefnu, heilsu og öryggisstefnu og siðareglur starfsfólks. Vöktun er á öryggisskráningum í virkjuninni í gegnum mælaborð í CCQ kerfinu. Þar eru atvik, slys og tapaður tíma vegna þeirra skráð þar og þeim fylgt eftir. Vinnueftirlitið sinnir reglulegu eftirliti í virkjuninni. Það hefur einnig innleitt stafrænt eftirlit þar sem fyrirtækjum og stofnunum er skylt samkvæmt lögum að hafa til að mynda skriflega áætlun varðandi öryggi og heilsu, verklagsreglur til verndar uppljóstrara o.s.frv. Tilkynna þarf Vinnueftirlitinu um öll vinnuslys sem leiða til þess að minnsta kosti einn dagur tapast.		æfingar hjá Alcoa Fjarðaáli og Landsneti auk rekstrarbilunarþjálfunar styðja stöðuga árvekni hvað varðar áhættu sem geta komið upp. CCQ inniheldur staðlaðar neyðaráætlanir fyrir fyrirsjáanlega atburði og þjálfun á þeim fer fram tvisvar á ári með tveimur starfsmönnum sem valdir eru til að leiða æfinguna byggt á tilbúnu atviki. Þetta er allt skráð í DMM undirkerfi CCQ. Verktakar sem starfa reglulega í virkjuninni eru leiddir saman (200 manns árið 2024) til öryggisþjálfunar, einnig fara nemendur sem starfa í sumarvinnuáætlunina í slíka þjálfun. Frá og með 2025 verður þjálfunareining á netinu skylda fyrir alla verktaka áður en þeir geta hafið þjónustu fyrir virkjunina. Þessu er fylgt eftir með staðbundinni eða verkefnasértækri viðbótarþjálfun.
Áætlanir fyrir starfsfólk og mannauðsstjórnunarstefnur, áætlanir og ferlar er varða verktaka, undirverktaka og milliliði eru til staðar	✓	Sérstakar siðareglur hafa verið þróaðar fyrir birgja, viðskiptafélaga og þjónustuaðila. Þessir aðilar þurfa öll að hafa sömu staðla og Landsvirkjun. Ákvæði um keðjuábyrgð eru innifalin í öllum samningum, sem þýðir að öllu sem hefur lýst í reitnum hér að ofan á einnig við hér.	
<b>HLÍTNI OG SAMRÆMI</b>			
Ferlum og markmiðum vegna mannauðs og vinnuafis hefur verið fylgt eða eru á áætlun::		Engin tilvik um skort á hlítni	✓ Engin tilvik um skort á hlítni hafa verið tilgreind.

Lágmarkskröfur			Ýtrari kröfur		
Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)		Niðurstöður og athugasemdir	Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)		Niðurstöður og athugasemdir
• engin umtalsverð tilvik um skort á hlítni	✓	Engin umtalsverð tilvik um skort á hlítni hafa verið tilgreind. Fyrirtækið uppfyllir allar tilgreindar kröfur, þar á meðal launajafnrétti.			
• engin umtalsverð tilvik um skort á samræmi	✓	Engin umtalsverð tilvik um skort á samræmi hafa verið tilgreind. Markmiðið um engan tapaðan tíma hefur náðst í Fljótsdalsstöð.			Engin tilvik um skort á samræmi hafa verið tilgreind.
Öllum skuldbindingum er varða starfsmannamál hefur verið fylgt eða eru á áætlun	✓	Fulltrúar stéttarféлага á landsvísu og svæðisbundnir hafa lýst yfir afar mikilli ánægju með Landsvirkjun og votta að staðið hefur verið við allar skuldbindingar.	Engin tilvik um skort á samræmi	✓	Eftirtektarvert er hversu óvenju mikill stuðningur við mannauðsstarfssemi í virkjuninni er meðal starfsfólks.
NIÐURSTÖÐUR					
Ekkert ósamræmi við alþjóðlega viðurkennda vinnulöggjöf hefur komið fram varðandi mannauðsstefnur, áætlanir og viðteknar venjur	✓	Ísland hefur fullgilt 10/10 ef grundvallarsamþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) og samþykkt um góða stjórnarhætti (4/4). Þessar samþykktir hafa verið innleiddar í lög á Íslandi.	Mannauðstefnur, áætlanir og viðteknar venjur hafa sýnt sig að vera í samræmi við alþjóðlega viðurkennda vinnulöggjöf	✓	Ekki er fyrir hendi sérstakt mat á samræmi enda ekki nauðsynlegt þar sem fyrirtækið er vottað og endurskoðað samkvæmt ISO 45001 og þar hefur ekki skort hlítni. Að auki hefur fyrirtækið skuldbindið sig meginreglum heimsmarkmiða SP.

Fjöldi liða sem skortir umtalsvert á til að uppfylla <b>lágmarkskröfur</b>	Fjöldi uppfylltra <b>ýtrari krafna</b>
Engar meiriháttar gloppur eru gagnvart lágmarkskröfum	5 af 5 (100%)

Útdráttur niðurstaðna og önnur eftirtektarverð atriði

Reglubundnar og tíðar kannanir á ánægju starfsfólks fara fram, ásamt viðtölum við starfsfólk tvisvar á ári, mannauðsdeild vinnur eftir árangursvísium (KPI), ákveðin stefna er í málefnum er varða jafnrétti og inngildingu og viðtækar stefnur tryggja í tæka tíð auðkenningu á áhættu eða tækifærum sem koma upp. Bæði fulltrúar stéttarféлага og starfsfólkið hafa staðfest afar mikla ánægju með starfsmannamál fyrirtækisins.

Allt starf varðandi heilsu- og öryggismál er yfirgripsmikið með tíðri þjálfun eigins starfsfólks og verktaka, einnig nemenda sem ráðnir eru tímabundið í gegnum sumarvinnuáætlunina. Heilsu- og öryggismál eru undir eftirliti ytri svæðisdeildar Vinnueftirlitsins.

Allar stefnur, áætlanir og ferlar sem tengjast mannauðsmálum og heilsu- og öryggi ná að fullu til allra verktaka, birgja og viðskiptaféлага þar sem allir samningar innihalda ákvæði um keðjuábyrgð.

Fljótsdalsstöð, 690 MW, Ísland

--

Viðeigandi gögn	
Viðtöl	1, 5, 7, 30, 32, 34, 40
Skjöl	5, 46, 56, 57, 67 – 69, 71, 74, 79, 100, 102, 105, 109 – 111, 115, 116, 118, 122, 124, 126, 128, 131 – 133, 140, 149, 153, 164, 168, 169, 182 – 187, 231, 243, 246, 247
Ljósmyndir	51, 59-62, 66, 69, 70

Í umsagnarferli



### 3 Vatnsgæði, rof og setmyndun

Gildissvið og meginreglur	
<p>Þessi efnispáttur fjallar um vatnsgæði og mótvægisáðgerðir gegn rof- og setmyndun í tengslum við rekstur vatnsaflsvirkjunar. Meginreglan er að vatnsgæði í nágrenni vatnsaflsvirkjunar mega ekki verða fyrir neikvæðum áhrifum af virkjuninni, rof- og setmyndun þarf að verjast af ábyrgð og gæta þess að skaða ekki samfélagsleg, umhverfis- eða efnahagsleg markmið. Enn fremur nauðsyn þess að standa við skuldbindingar varðandi vatnsgæði og framkvæma mótvægisáðgerðir gegn rof- og setmyndun.</p>	
Forsendur	
Vatnsgæði	
Lýsing á vatnsgæðum	Vatnsgæði í ám og vötnum á Íslandi eru almennt mjög góð, að undanskildu afar mikilli setmyndun í jökulám. Þessar tvær ár sem hafa orðið fyrir áhrifum af virkjuninni voru upphaflega báðar undir áhrifum af jökulbráðnun (sjá áhrif virkjunarinnar undir „helstu áhrif á vatnsgæði“ hér fyrir neðan). Tekið skal fram að yfirborðsvatn er ekki notað í vatnsveitu, heldur er oftast notað vatn frá grunnvatnslindum (almennt í svo miklum gæðum að líttillar sem engrar meðhöndlunar er þörf).
Lykilatriði vatnsgæða	Svifaur og setflutningur í Lagarfljóti veldur minni frumlíffræðilegri framleiðslu í vatninu sem hefur áhrif á alla fæðukeðjuna.
Helstu áhrif á vatnsgæði	Helstu neikvæðu áhrifum er lýst hér að ofan. Magn setefna hefur sjöfaldast í Jökulsá í Fljótsdal (en heildarmagn setefna í báðum ám hefur minnkað um 85% - er nú fangað í Háslóni). Þetta hefur jákvæð áhrif á vatnsgæði í Jökulsá á Dal, þar sem verulega minnkað álag af setflutningi leiðir af sér hreint og tært vatn, stóran hluta ársins, sem stuðlar að bættum aðstæðum fyrir t.d. lax.
Setmyndun	
Helstu atriði varðandi setmyndun	Aurskriður og rof bæði í kringum lónið og við ána neðan við virkjunina. Friðlandið Kringilsárrani er í nágrenninu og mikil óvissa ríkir um hversu langt veðrun á eftir að ná inn fyrir mörk friðlandsins áður en jafnvægi er náð. Hægt hefur á þessu ferli á undanförunum árum og jafnvægi virðist vera að nást (enn er búist við að 10-20 metrar muni veðrast á þeim svæðum sem verst hafa orðið fyrir áhrifum, áður en jafnvægi er náð). Áfok (vindborinn sandur) er hættulegt gróðurpekju á staðnum, sem hefur mjög lítið viðnám fyrir ágangi sands. Ströndin við mynni Héraðsflóa hefur hopað vegna minna magns af setefnum. Því var spáð að strandlengjan myndi hörfa 200 metra á fyrstu 100 árum vegna minna magns af setefnum frá ánum tveimur og að hækkun sjávarborðs vegna

	loftslagsbreytinga myndi bæta við 80 metrum. Þegar ármynni Héraðsflóa færðist til norður varð það hagaðilum á staðnum áhyggjuefni og hafði Landsvirkjun samráð við alla hlutaðeigandi aðila og niðurstaðan var að ákveðið var að brjótast í gegnum ytri sandbakkann árið 2014.
Setmagn (tonn/ár)	Áður en ráðist var í byggingu virkjunarinnar var það talið að þessar tvær megin ár sem virkjaðar yrðu (Jökulsá á Dal og Jökulsá í Fljótsdal) bæru um 8-9 milljón tonn/ár af setefnum í sameiginlegt ármynni í Héraðsflóa. Umhverfismatið spáði að megnið af þessum setefnum (6 tonn/ár að meðaltali) myndu setjast í Háslón.
Vatnasvið stíflu	U.þ.b. 2.200 km <sup>2</sup>
Aðrar upplýsingar	Landgræðslan hefur áður sinnt reglulegri vöktun með aurskriðum og bakkarofi í Kringilsárrana, en þetta starf hefur verið fjármagnað af Landsvirkjun. Landgræðslan og Skógræktin sameinuðust í eina stofnun 1. janúar 2024 sem ber heitið Land og skógur.

Lágmarkskröfur		Ýtrari kröfur	
Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)	Niðurstöður og athugasemdir	Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)	Niðurstöður og athugasemdir
<b>MAT</b>			
Viðvarandi eða nýtilkomin álitaefni hafa verið tilgreind varðandi eftirfarandi:			
• vatnsgæði	✓ Í umhverfismatinu er ályktað að Lagarfljót verði fyrir áhrifum af svifaur en ekki eru vatnsgæði greind í sjálfu sér sem almennt vandamál. Viðvarandi vöktun frá því að virkjunin hóf rekstur hefur leitt í ljós að þessi ályktun var rétt. Vöktuninni var haldið áfram í fimm ár eftir að virkjunin var tekin í notkun, en var hætt árið 2013 þar sem ekki var talin þörf á frekari vöktun. Eftirlit með olíuleka hefur staðið yfir allt frá því að starfsemin hófst og þá sem hluti af Sjálfbærni- og Austurlands og aðeins einn minniháttar leki sem tengist virkjuninni hefur mælst, en það var árið 2010.	Greining á viðvarandi þáttum sem varða vatnsgæði gerir ráð fyrir bæði áhættu og tækifærum	✓ Vatnatilskipun ESB (WFD) tók gildi árið 2022 (Ísland er í fyrsta tímabili sínu en því lýkur árið 2027). Vatnshlotin sem tengjast virkjuninni hafa verið flokkuð og 11 vatnshlot flokkast sem mikið breytt (þrjú þeirra eru flokkuð sem manngerð). Hafrannsóknastofnun (Haf og vatn) hefur verið falið af Landsvirkjun að meta vatnsgæði þessara vatnshlota sem hluta af vatnatilskipunarferlinu.
• rof og setmyndun	✓ Samfelld vöktunaráætlun er til staðar til að meta hættu á rofi og setmyndun. Til dæmis fer fram vöktun á áfokshættu með sjónrænni skoðun tvisvar á ári (vor		

Lágmarkskröfur			Ýtrari kröfur	
Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)		Niðurstöður og athugasemdir	Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)	
		og haust) við Háslón af stofnuninni Landi og skógum. Stofnunin vinnur að uppgræðslu á viðkomandi svæðum til að draga úr hættu á rofi og útbreiðslu vindborinnar setmyndundar. Alhliða viðmið var sett fyrir rof strandlengju Héraðsflóa með fyrirhuguðu mati á um það bil 10 ára fresti. Nú er verið að skoða hugsanlega endurtekningu á mælingum vegna flutnings áróssins til norðurs.		
Ef nauðsynlegt þykir að grípa til ráðstafana þarf að setja upp vöktun til þess að meta hvort þessar ráðstafanir reynast skilvirkar varðandi eftirfarandi:				
• vatnsgæði	✓	Regluleg vöktun hefur farið fram á viðunandi hátt (jafnvel þó því hafi verið hætt árið 2013). Ferlið í kringum vatnatilskipun (WFD) mun leiða í ljós hvort nauðsynlegt verði að hefja aftur vöktun með vatnsgæðum vegna krafna vatnatilskipunar.	Greining á viðvarandi eða nýjum tilvikum af rofi og setmyndun gerir ráð fyrir bæði áhættu og tækifærum	✓
• rof og setmyndun	✓	Regluleg vöktun hefur farið fram á viðunandi hátt. Landsvirkjun felur Landi og skóg reglulega að meta rof meðfram ám og miðlunarlónum. Náttúruverndaráætlun friðlandsins í Kringilsárrana og önnur verkefni er lúta að jarðvegsvernd hafa gengið samkvæmt áætlun. Rof í strandlengjunni í Kringilsárrana hefur til að mynda nánast náð jafnvægi (jafnvel þó áætlað sé að frekari 10-20 metrar rofni á þeim svæðum sem verst hafa orðið fyrir		
				Niðurstöður rannsókna hafa leitt í ljós að Landsvirkjun gengur lengra en formlegar skuldbindingar gera ráð fyrir þegar kemur að því að greina áhættu og tækifæri sem tengjast rofi og setmyndun. Til að mynda var stofnaður sjóður þar sem fólk sem býr neðan virkjunar getur lagt fram beiðnir um aðstoð vegna bakkavarna ef um er ræða viðvarandi rofvandamál. Landsvirkjun er í stöðugum samskiptum vegna þessara mála við hagaðila á svæðinu.

Lágmarkskröfur			Ýtrari kröfur		
Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)		Niðurstöður og athugasemdir	Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)		Niðurstöður og athugasemdir
		áhrifum, áður en jafnvægi er að fullu náð).			
STJÓRNUN					
Ráðstafanir eru til staðar varðandi eftirfarandi þætti:			Ferlar eru til staðar sem svar við nýrri áhættu og tækifærum varðandi eftirfarandi þætti:		
• vatnsgæði	✓	Vandamál er varða vatnsgæði hafa áður verið tekin með í stjórnunarferli virkjunarinnar á fullnægjandi hátt (árið 2013 var komist að þeirri niðurstöðu að hægt væri að hætta vöktun vatnsgæða þar sem ekki væri þörf á frekari vöktun). Áframhaldandi mat sem hluti af framkvæmd vatnatilskipunar (WFD) á Íslandi gæti breytt þessu á næstu árum, en það myndi byggja á endanlegri niðurstöðu á stöðu vatnshlota sem tengjast virkjuninni (staðan hefur verið metin, en stjórnvöld þurfa að tilkynna hana opinberlega). Aðgerðaáætlanir sem tengjast þessum vatnshlotum (þar af eru 11 mikið breytt vatnshlot, þrjú þeirra eru manngerð og tengd Fljótsdalsstöð/Kárahnjúkum) munu líklegast þurfa að þróast fyrir lok núverandi tímabils vatnatilskipunar sem lýkur árið 2027.	• vatnsgæði	✓	Vatnshlotin sem tengjast virkjuninni hafa verið flokkuð. 11 vatnshlot flokkast sem mikið breytt (þrjú þeirra eru flokkuð sem manngerð). Ferli vatnatilskipunar (WFD) á Íslandi bíður nú þess að stjórnvöld staðfesti þessar flokkanir formlega. Þegar þetta kerfi hefur verið staðfest á það eftir að bæta getu til greiningar á öllum þeim vandamál um sem koma upp og niðurstöðurnar (sjá mat hér að ofan) verða samþættar í stjórnunarkerfi virkjunarinnar.
• rof og setmyndun	✓	Alhliða stjórnunaráætlun er til staðar (sem bregst við þeim atriðum sem tilgreind eru í yfirstandandi mati sem lýst er hér að ofan) til að fylgja eftir tilgreindum og nýjum vandamálum sem tengjast rofi og setmyndun.	• rof og setmyndun	✓	Eftirlit með áhættu og tækifærum sem koma upp (sjá lýsingu í mati hér að ofan) er virkt og stjórnunaraðferðir eru til staðar til að bregðast við þeim málum sem upp geta komið.



Lágmarkskröfur			Ýtrari kröfur		
Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)		Niðurstöður og athugasemdir	Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)		Niðurstöður og athugasemdir
					Ekki er stöðug vöktun með rofi við ósa ána (því er fylgt eftir með samskiptum við aðila á svæðinu) en áform eru um að gera alhliða endurmat á stöðunni árið 2025. Ef endurmat hefur ekki farið fram fyrir ársbyrjun 2027 (skal meta á tíu ára fresti) myndi þetta þróast í meiriháttar gloppu.
<b>HLÍTNI OG SAMRÆMI</b>					
Ferlum og markmiðum hefur verið fylgt eða eru á áætlun:			Engin tilvik um skort á hlítni varðandi:		
• vatnsgæði, engin umtalsverð tilvik um skort á hlítni	✓	Virkjunin hefur uppfyllt skilyrði leyfisins á fullnægjandi hátt. Vatnatilskipun (WFD) gæti bætt við nýjum kröfum í framtíðinni, en þetta er ekki vandamál á þeim tíma sem matið fer fram.	• vatnsgæði	✓	Engin vísbending um skort á hlítni.
• vatnsgæði, engin umtalsverð tilvik um skort á samræmi	✓	Engar sérstakar skuldbindingar eru til staðar fyrir utan skilmála leyfisins.			
• rof og setmyndun, engin umtalsverð tilvik um skort á hlítni	✓	Virkjunin hefur uppfyllt skilyrði leyfisins á fullnægjandi hátt. Vatnatilskipun (WFD) gæti bætt við nýjum kröfum í framtíðinni, en þetta er ekki vandamál á þeim tíma sem matið fer fram.	• rof og setmyndun	✓	Engin vísbending um skort á hlítni.
• rof og setmyndun, engin umtalsverð tilvik um skort á hlítni	✓	Virkjunin er skuldbundin til að taka á atriðum er varða rof og setmyndun sem tengjast rekstri stöðvarinnar og í þeim tilgangi hefur sérstakur sjóður verið stofnaður og settur á fjárhagsáætlun.			
Skuldbindingar varðandi eftirfarandi atriði hafa verið uppfylltar eða eru á áætlun:			Engin tilvik um skort á samræmi varðandi eftirfarandi:		
• vatnsgæði	✓	Engar sértækar skuldbindingar eru til staðar fyrir utan skilmála leyfisins.	• vatnsgæði	✓	Engin vísbending um skort á samræmi.

Lágmarkskröfur		Ýtrari kröfur			
Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)		Niðurstöður og athugasemdir		Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)	Niðurstöður og athugasemdir
• rof og setmyndun	✓	Virkjunin er skuldbundin að taka á atriðum er varða rof og setmyndun sem tengjast rekstri stöðvarinnar og í þeim tilgangi hefur sérstakur sjóður verið stofnaður og settur á fjárhagsáætlun.	• rof og setmyndun	✓	Engin vísbending um skort á samræmi.
NIÐURSTÖÐUR					
Komið er í veg fyrir neikvæð áhrif frá rekstri vatnaflsvirkjana á vatnsgæði, þau lágörkuð eða ráðist í mótvægisáðgerðir	✓	Frá því að virkjunin hóf starfsemi hefur vöktun verið með vatnsgæðum og hugsanlegri áhættu þar að lútandi. Innleiðing vatnatilskipunar (WFD) mun hugsanlega leiða til þess að aftur þurfi að taka upp vöktun með vatnsgæðum. Þegar matið var framkvæmt voru áhrif vatnsgæða af völdum virkjunarinnar að fullu lágörkuð og milduð.	Vatnsgæði á svæðinu í kringum virkjunina sem hefur orðið fyrir áhrifum af henni er af mjög háum gæðum	✓	Vöktunin sem framkvæmd var sýndi að áhrif á vatnsgæði vegna virkjunarinnar voru hverfandi (og jafnvel jákvæð í Jökulsá á Dal). Mat samkvæmt vatnatilskipun (WFD) á vatnshlotum hefur staðfest þetta.
			Aðgerðir hafnar eða á áætlun svo hægt sé að hefja áðgerðir vegna vatnsgæða sem ekki er hægt að telja sem afleiðingu af nálægð virkjunarinnar	✓	Landsvirkjun hefur sýnt að fyrirtækið vinnur með fyrirbyggjandi hætti við það að takast á við vandamál er tengjast vatnsgæðum (t.d. með því að leggja sitt af mörkum til vatnatilskipunar (WFD) ferlisins – sjá mat hér að ofan). Jákvæð áhrif á Jökulsá á Dal eru hægt og rólega að breyta henni í fyrirtaks laxveiðiá.
Rof og setmyndunar máleru forðað, lágörkuð eða ráðist í mótvægisáðgerðir.	✓	Brugðist er við þeim málum sem upp koma á virkan hátt og leitast er við að lágmarka og draga úr áhrifum af þeim atriðum sem tilkynnt eru (virk samskipti eru á milli starfsfólks virkjunarinnar og sveitarfélagsins neðan virkjunarinnar).	Rof og setmyndun sem tengjast rekstrinum valda ekki viðvarandi vandamálum fyrir umhverfið, samfélagslega þætti eða efnahagsleg markmið virkjunarinnar eða svæða sem gætu orðið fyrir áhrifum af henni.	✗	Gögn sýna að virkjunin vinnur á fyrirbyggjandi hátt að því að bera kennsl á og taka á vandamálum tengdu rofi og setmyndun, eins og sést af árangursríkri stjórn á lekavatni í aðgöngum á efri hluta vatnasviðsins. Hins vegar eru óleyst viðvarandi vandamál vegna svifaus í Lagarfljóti vegna jökulvatns sem upphaflega kom frá Jökulsá á Dal.

Lágmarkskröfur		Ýtrari kröfur	
Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)	Niðurstöður og athugasemdir	Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)	Niðurstöður og athugasemdir
			Þetta er <b>meiriháttar gloppa</b> á móti þessari kröfu. Grunnorsökin er sú sama og orsakar gloppuna í 4. efnisþætti hér fyrir neðan.

Fjöldi liða sem skortir umtalsvert á til að uppfylla <b>lágmarkskröfur</b>	Fjöldi uppfylltra <b>ýtrari krafna</b>
Engar meiriháttar gloppur eru gagnvart lágmarkskröfum	10 af 11 (91%)

<p>Útdráttur niðurstaðna og önnur eftirtektarverð atriði</p> <p>Virkjunin styðst við rótgróið stjórnunarkerfi og bregst við rofi og málefnum er varða vatnsgæði (s.s. vistkerfisstjórnun, uppgræðslu, forvirkri þátttöku í vatnatilskipunarferlinu o.s.frv.) og ný mál eru stöðugt metin. Engar gloppur eru á móti lágmarkskröfum og ein gloppa gagnvart ýtrari kröfum – svifaur er viðvarandi vandamál í Lagarfljóti.</p>
--

Viðeigandi gögn	
Viðtöl	1 – 3, 8, 13, 20, 24, 26, 29, 33, 35, 38, 39, 42, 46
Skjöl	19, 20, 22 – 25, 27, 28, 30, 38, 48, 53, 54, 56, 62, 77, 82, 100, 122, 130, 138 – 141, 157, 161, 175, 179, 182, 189, 190, 197 – 200, 211, 214, 215, 224, 229
Ljósmyndir	2, 3, 5, 6, 10 – 12, 19, 21, 22, 34, 37 – 39, 41, 42, 49, 55, 56, 58, 63, 64



## 4 Samfélagsleg áhrif og öryggi innviða

### Gildissvið og meginreglur

Í þessum efnispætti er fjallað um hver áhrif af vatnsaflsvirkjuninni á samfélög hafa verið, í þeim tilvikum þar sem skuldbindingar hafa verið vel skjalfestar miðað við grunnviðmið fyrir virkjun. Þessi áhrif fela í sér efnahagslega tilfærslu, áhrif á lífsviðurværi og lífskjör, áhrif á lýðheilsu, áhrif á réttindi, áhættu og tækifæri þeirra sem verða fyrir áhrifum af virkjuninni, öryggisáhættu innviða og mögulegan aukalegan ávinning. Meginreglan er sú að lífsviðurværi og lífskjör þeirra sem hafa orðið fyrir áhrifum af virkjuninni verði bætt miðað við þær aðstæður sem ríktu fyrir virkjun, að skuldbindingar við samfélög hafi verið uppfylltar og að líf, eignir, auðlindir og eignir samfélagsins séu vernduð gegn afleiðingum þess ef stífa brestur og annarri öryggisáhættu innviða. Þessi efnispáttur fjallar ekki um kröfur sem tengjast búferlaflutningum eða frumbyggjum, en um þau atriði er fjallað í 5. og 7. efnispætti. Um aðra hagaðila og -hópa er fjallað í 10. efnispætti.

### Forsendur

Í tilfelli eldri virkjana eru skuldbindingar til samfélaga sem hafa orðið fyrir áhrifum og hagsbætur þær sem gerðar voru á undirbúningstímabili virkjunarinnar (ef vel skjalfestar) sem og til nýrri skuldbindinga.

### Samfélagsleg áhrif og hagsbætur

Lýsing á samfélögum sem verða fyrir áhrifum af virkjuninni og þá hvernig (gerið greinarmun á þeim sem verða fyrir beinum áhrifum og efnahagslegra flóttamanna og öðrum samfélögum, skráið einnig fjölda fólks og heimila)	Samfélög, samtök eða félög, eigendur og notendur lands og áa og fyrirtæki sem eru á áhrifasvæði virkjunarinnar, á vatnasvæði Jökulsár á Dal og Jökulsár í Fljótsdal /Lagarfljóti, eru í sveitarfélögunum tveimur Múlaþingi og Fljótsdalshrepp, ásamt sveitarfélaginu Fjarðabyggð þar sem álver Alcoa er. Grunnviðmið í upphafi hvað varðar félagshagfræðileg skilyrði og áhrif framkvæmda og reksturs virkjunarinnar á sveitarfélög eru vel skjalfest ásamt skuldbindingum sem gerðar eru til að bregðast við þessum áhrifum.
Stofnanir sem annast öflun jarðnæðis	E/V
Stofnanir sem tengjast endurreisn afkomu fólks og hagsbótum virkjunarinnar	Sveitarstjórnir og Austurbrú, samtök sveitarfélaga á Austurlandi, sérhæfðar ríkisstofnanir um fiskveiði, landgræðslu, menningararfleifð o.fl.
<b>Innviðaöryggi og lýðheilsa</b>	
Tegund stíflu	Kárahnjúkastífla er grjótstífla með steyptri þéttikápu. Allar aðrar stíflur eru grjót- og malarstíflur.
Hæð stíflu (m)	Kárahnjúkar – 198 m, Desjará – 68 m, Kelduá – 26 m, Ufsar – 37 m, Sauðárdalur – 29 m

Fljótsdalsstöð, 690 MW, Ísland

Aftakafloð (m <sup>3</sup> /s)	Háslón – 2.250 m <sup>3</sup> /s (flóð vegna náttúruhamfara vegna eldsumbrota er áætlað 6.000 m <sup>3</sup> /s), Kelduárlón – 550 m <sup>3</sup> /s og Ufsarlón – 1.720 m <sup>3</sup> /s.
Hönnunarflóð (sett fram sem áætlað flóð með endurkomutíma)	Háslón – 1.350 m <sup>3</sup> /s (1.000 ára endurkomutímabil + 25% áhættuþáttur) og 6.000 m <sup>3</sup> /s (í tilviki náttúruhamfara ef tæki að gjósa undir Vatnajökli – hönnuð með flóðvar (e. fuse plug)), Kelduárlón – 420 m <sup>3</sup> /s, Ufsarlón – 620 m <sup>3</sup> /s og Grjótárlón – 435 m <sup>3</sup> /s
Hámarksrennsli um yfirfall (m <sup>3</sup> /s)	Háslón – 1.350 m <sup>3</sup> /s (aðal yfirfall) & 6.000 m <sup>3</sup> /s (með flóðvar (e. fuse plug), Kelduárlón – 550 m <sup>3</sup> /s og Ufsarlón – 1.290 m <sup>3</sup> /s (að auki 430 m <sup>3</sup> /s gegnum botnsrás)
Hæð yfirfalls (m.y.s.)	Háslón – 625 m.y.s., Kelduárlón – 669 m.y.s. og Ufsarlón – 625.2 m.y.s.
Lengd aðrennslisgangna (m)	Frá Háslóni – 39,7 km, frá Ufsarlóni 13,3 km
Breidd aðrennslisgangna (m)	Þvermál frá Háslóni – 7,2-7,6 m, þvermál frá Ufsarlóni 6,5-7,2 m
Rennsli um aðrennslisgöng (m <sup>3</sup> /s)	115 m <sup>3</sup> /s (meðalrennsli)
Skjálftavirkni	Á Kárahnjúkasvæðinu eru engin þekkt eldfjöll og nýleg skjálftavirkni lítil.
Jarðfræði	Ísland er viðkvæmt fyrir náttúruvá, þar á meðal eldgosum, jarðskjálftum og erfiðum veðurskilyrðum. Stór flóð geta stafað af eldgosum undir jökulum. Hins vegar eru engin þekkt virk eldfjöll og lítil nýleg skjálftavirkni á Kárahnjúkasvæðinu.
Eftirlitsaðilar stífluöryggis	Á Íslandi er enginn aðili sem annast öryggiseftirlit í stíflum.
Viðvera/geta neyðarþjónustu á svæðinu	Næsta heilsugæslustöð við Fljótsdal er á Egilsstöðum (30 mínútna akstur). Svæðissjúkrahúsið er staðsett í Neskaupstað (1,5 klst. akstur; 23 rúm). Heilsugæslan og sjúkrahúsið fá reglulega sérfræðinga til sín, en sjúklingar gætu þurft að fara til Akureyrar eða Reykjavíkur ef sérstakrar meðferðar er þörf. Lögregla og slökkvilið eru til taks á svæðinu og eru með svæðisbundið samstarf þegar kemur að neyðarviðbúnaði og samvinnu. Neyðarhermir og æfingar eru haldnar reglulega (t.d. brunaæfingar í virkjuninni tvisvar á ári).
Möguleg öryggishætta í þessu samhengi	Við undirbúning virkjunarinnar voru umfangsmiklar úttektir gerðar á öryggisáhættu stíflunnar, þar á meðal jarðfræðilegar, jarðtæknilegar, vatnafræðilegar og verkfræðilegar rannsóknir. Ofhleðsla stíflu er mikilvægasti mögulegi bilunarhamurinn en einnig innri veðrun og jarðskjálfta- eða eldvirkni. Um almenna áhættu sem tengist lónsvæðinu (t.d. drukknun eða sambærileg slys) er fjallað um í náttúruverndarlögum þar sem kveðið er á um að fólk beri sjálft ábyrgð á sér í náttúrulegu umhverfi og það verði aðeins ábyrgð virkjunarinnar ef slysið á sér stað í tengslum við aðgerðir sem ekki voru rétt upplýstar á tímabæran hátt (svo sem ekki tilkynnt leka eða álíka).
Líkur á að stífla bresti og hvernig	Ofhleðsla stíflnanna er mikilvægasta mögulega bilunarhættan; önnur eru innri veðrun og jarðskjálfta- eða eldvirkni. Á Kárahnjúkasvæðinu eru engin þekkt virk eldfjöll og lítil nýleg skjálftavirkni. Yfirfallsgetan hefur verið ákvrðuð til að takast á við flóð vegna náttúruhamfara (vegna eldgos) næstum þrisvar sinnum stærra en líklegt hámarksflóð (venjuleg hönnunarflóð miðað við stíflur undir áhættu).

Fjöldi fólks í hættu ef stífla brestur (staðsetning, fjöldi)	Vegna Kárahnjúkastíflu er áætlaður íbúafjöldi í hættu 101. Um er að ræða 16 varanleg hús, 54 útihús, rafstöð, 18 sumarhús og/eða eyðibýli, auk vegar og þjóðvegur 1, allt undir flóðlínu. Vegna Desjarárstíflu eru 70 íbúar í hættu. Um er að ræða 25 varanleg hús, 63 útihús, rafstöð, 19 sumarhús og/eða eyðibýli, auk vegar og þjóðvegur 1, allt undir flóðlínu. Vegna Sauðárdals stíflusvæðisins er áætlað að 27 íbúar í hættu. Um er að ræða 5 varanleg hús, 26 útihús, rafstöð, 12 sumarhús og/eða eyðibýli, auk vegar og þjóðvegur 1, allt undir flóðlínunni.
Öryggisstaðall stífluöryggis	Norskir staðlar fyrir stífluhönnun og byggingu eru notaðir á Íslandi.
Stofnanir sem við koma stífluöryggi	Almannavarnir, heilbrigðiseftirlit Austurlands og aðrir tengdir svæðisbundnir aðilar (slökkvilið, lögregla, heilbrigðisþjónusta o.s.frv.)
Önnur öryggismál er varða innviði	Áhætta er tengd viðbótarrinnviðum eins og flutningslínunum (þó að miklu leyti stjórnað af Landsneti) þar sem helsta áhættan er snjóflóð eða óveður.
Lýsing á lykiltríðum lýðheilsamála	Engin lýðheilsamál hafa verið tengd þróun eða rekstri Kárahnjúkavirkjunar.
Stofnanir tengdar lýðheilsulegum málefnum	Heilbrigðisumdæmi Austurlands, Umhverfisstofnun og Matvælastofnun.

Lágmarkskröfur		Ýtrari kröfur	
Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)	Niðurstöður og athugasemdir	Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)	Niðurstöður og athugasemdir
<b>MAT</b>			
<b>Samfélagsleg áhrif og hagsbætur</b>			
Vöktun framkvæmd til þess að meta hvort eftirfarandi skuldbindingar hafa verið uppfylltar og hvort stjórnunarráðstafanir í þeim tilgangi séu skilvirkar:			
<ul style="list-style-type: none"> <li>skuldbindingar vegna samfélaga sem hafa orðið fyrir neikvæðum áhrifum frá vatnsaflsvirkjun</li> </ul>	✓ Fá leyfisskilyrði voru sett vegna félagslegra/samfélagslegra áhrifa, en nokkrar viðbótarskuldbindingar við samfélög sem eru undir eftirliti starfsfólks Landsvirkjunar (einkum verkefnastjóra nærsamfélags og náttúru), Sjálfbærni-verkefni Austurlands, sveitarfélög og samfélög. Í sumum tilfellum taka einstaklingar sem verða fyrir áhrifum beinan þátt í vöktun (t.d. eigandi býlisins Húseyjar fylgist með grunnvatnsstöðu).	Tilgreind eru viðvarandi eða ný áhrif sem samfélög verða fyrir af virkjuninni og taka til greina áhættu og tækifæri og innbyrðis tengsla milli þátta.	✓ Margvísleg málefni sem tengjast samanlögðum áhrifum af framkvæmdum vegna vatnsaflsvirkjunarinnar og álversins eru undir eftirliti og veitir Sjálfbærni-verkefni Austurlands vettvang fyrir umræðu um þau. Þar á meðal eru tíu samfélagsvísar og 12 hagvísar, ásamt vísbindingum um áhættu (t.d. umferðarslys og húsnæðisverð) sem og tækifæri (t.d. aldurssamsetning íbúa og staðbundnar skatttekjur).

Lágmarkskröfur			Ýtrari kröfur			
Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)		Niðurstöður og athugasemdir	Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)		Niðurstöður og athugasemdir	
• skuldbindingar vegna hagsbóta	✓	Sjá hér fyrir ofan.			Starfshópur virkjunarinnar hittir gjarnan ýmsa hagaðila á svæðinu og er vel meðvitaður um viðvarandi og ný vandamál.	
Viðvarandi eða möguleg mál sem varða eftirfarandi atriði hafa verið tilgreind:						
• mál sem hafa áhrif á samfélög sem hafa orðið fyrir áhrifum frá virkjuninni	✓	Viðvarandi neikvæð áhrif voru að mestu leyti þau sem umhverfismatið hafði gert ráð fyrir og þau hafa verið undir eftirliti, án marktækra nýrra vandamála.	Tilgreina álitamál sem fram eru komin eða gætu komið fram er varða hagsbætur og tekur bæði til greina áhættu og tækifæri.	✓	Sjá hér fyrir ofan.	
• afhending hagsbóta af verkefninu	✓	Sjá hér fyrir ofan. Að auki hafa nokkur jákvæð áhrif komið fram, svo sem bætt skilyrði fyrir fiskveiði og ferðapjónustu í neðri hluta Jökulsár á Dal.				
<b>Innviðaöryggi og lýðheilsa</b>						
Viðvarandi eða væntanleg mál sem varða eftirfarandi atriði hafa verið tilgreind:						
• Öryggismál er varða stíflu og aðra innviði	✓	Landsvirkjun er með yfirgripsmikla áætlun varðandi stífluöryggi þar sem mat á yfirstandandi málum fer fram bæði á vettvangi fyrirtækisins og virkjunarinnar. Stíflurnar og nærliggjandi svæði eru búin flóknu kerfi tækja sem vakta leka (þ.m.t. magni svifaur), afmyndun, topphreyfingum, setmyndun, álagi, holuþrýstingi, jarðskjálftavirkni, hröðun (ef um jarðskjálfta er að ræða), lóðréttum og láréttum hreyfingum í jörðu og grunnvatnsstöðu.	Tilgreina öryggisvandamál sem fram eru komin eða gætu komið fram sem tekur til greina margs konar sviðsmyndir og bæði áhættu og tækifæri.	✓	Landsvirkjun metur reglulega öryggisráðstafanir varðandi stíflur að innan sem utan (t.d. endurskoðun stífluöryggis árið 2024). Hópur óháðra sérfræðinga hefur einnig farið yfir virkjunina (síðast árið 2017).	
• Lýðsheilsuáttal sem upp hafa komið vegna rekstrar vatnsaflsvirkjunar	✓	Engin vandamál tengdi lýðheilsu hafa verið greind varðandi þróun og síðan rekstur Fljótsdalsstöðvar/Kárahnjúkavirkjunarinnar. Íbúar á Austurlandi eru að meðaltali				

Lágmarkskröfur			Ýtrari kröfur		
Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)		Niðurstöður og athugasemdir	Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)		Niðurstöður og athugasemdir
		ánægðari með heilbrigðisþjónustuna á svæðinu, samanborið við önnur svæði á landinu. Vindborið ryk úr Háslóni hefur ekki orðið heilsufarsvandamál.			
Reglubundið eftirlit með stíflu og innviðaöryggi er framkvæmt til þess að tilgreina áhættu og meta skilvirkni stjórnunarráðstafana.	✓	Sjá hér að ofan.			
Sé nauðsyn á stjórnunarráðstöfun vegna lýðheilsuvandamála er nauðsynlegt að hafa eftirlit með þeim til þess að meta hvort stjórnunarráðstafanir séu skilvirkar.	✓	Einn af vísum Sjálfbærniáætlun Austurlands vaktar ánægju með heilbrigðisþjónustu. Rykmælar, vefmyndavélar á hálendinu og í byggð mæla fok frá ströndum Háslóns.	Tilgreina viðvarandi eða möguleg lýðheilsuvandamál og horfa til getu heilbrigðiskerfisins, aðgengi að heilbrigðisþjónustu og heilsufarslegra þarfa og áhættu og tækifæra fyrir ólíka hópa samfélagsins.	✓	Eins og lýst hefur verið er fylgst með ánægju með heilbrigðisþjónustu til að tryggja að fjölgun notenda leiði ekki til skerts aðgengis og gæða. Einnig er fylgst með tveimur öðrum heilbrigðis- og öryggistengdum málefnum í samfélaginu sem er tíðni glæpa og slysa og hafa þessi atriði almennt verið lægri en annars staðar á Íslandi og/eða farið lækkanði.
<b>STJÓRNUN</b>					
<b>Samfélagsleg áhrif og hagsbætur</b>					
Ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að hægt sé að uppfylla skuldbindingar:					
• gagnvart samfélögum sem hafa orðið fyrir áhrifum af virkjuninni	✓	Stefna, samfélagsstefna og samfélagsábyrgðarstefna Landsvirkjunar fela í sér að fyrirtækið hefur skuldbindingar til samfélagsins. Margvíslegar stjórnunaráætlanir eru til staðar til að tryggja að formlegar og óformlegar skuldbindingar séu uppfylltar. Má þar nefna landbótasjóð, framkvæmdaáætlun um bakkavarnir, stuðningur við félagasamtök í	Ferlar eru til staðar til þess að hægt sé að bregðast við ef áhætta og tækifæri koma í ljós er varða samfélög sem hafa orðið fyrir áhrifum af virkjuninni og hagsbótum þar að lútandi.	✓	Sem hluta af nálguninni „góður granni“ innleiðir Landsvirkjun kerfisbundna, áhrifaríka og gagnsæja ferla til að virkja hagaðila á Austurlandi (sjá einnig 10. efnispætti), skilja nýjar áhættur og tækifæri og bregðast við með viðeigandi ráðstöfunum.  Þetta felur í sér nokkrar aðgerðir sem ætlað er að efla ferðaþjónustu á



Lágmarkskröfur		Ýtrari kröfur	
Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)	Niðurstöður og athugasemdir	Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)	Niðurstöður og athugasemdir
	fiskveiði og uppsetning girðinga milli beitarlanda. Reglulega er árangur yfirfarin hjá viðkomandi hópum og einstaklingum og greint frá niðurstöðum opinberlega.		svæðinu. Frá því að virkjunin var í undirbúningsferli hefur ferðapjónusta orðið mikilvæg atvinnugrein í hagkerfi sveitarfélaganna, þó enn sé að mestu leyti um að ræða innlenda ferðapjónustu. Þótt hægt væri að auka sýnileika virkjunarinnar (sjá 10. efnispátt) hafa sumar aðgerðir sem ekki tengjast virkjuninni beint (svo sem stuðningur við Menningarmiðstöðina og Minjasafnið á Egilsstöðum) bætt aðgengi, auk breytinga á landslagi vegna virkjunarinnar (til dæmis í Stuðlagili) sem hefur aukið aðdráttarafli Austurlands fyrir gesti. Landsvirkjun hefur boðist til tímastilla smærri stíflur þannig að það verði til að auka áhuga ferðamanna á fossum.
• vegna hagsbóta	✓ Ýmsar aðgerðir eru til staðar til að standa við skuldbindingar um hagsbætur og ávinning. Þar á meðal eru skattar, styrkir og beinn vinnustuðningur. Samfélagssjóður Landsvirkjunar styrkir verkefni sem hafa samfélagslega þýðingu. Sumarstarfið með nemendum styrkir lítil verkefni á svæðinu. Fjöldi annarra rannsókn- og styrkjaáætlanir eru til staðar, t.d. styrkir til Ferðafélags Fljótsdalshéraðs vegna þriggja ára áætlunar um lagfæringar á slóðum, fjárveitingar til menningamiðstöðvarinnar á Egilsstöðum (Sláturhúsið), og stuðningurinn við Eygló sem vinnur að nýsköpun, orkuskiptum, orkunýtni og hringrásarhagkerfi á Austurlandi.		
Úrbætur settar fram til þess að mæta tilgreindum málum sem lúta að eftirfarandi skuldbindingum:			
• gagnvart samfélögum sem hafa orðið fyrir áhrifum af virkjuninni	✓ Starfsfólk Landsvirkjunar er afar hæft og reynslumikið og meðvitað um samfélagsþátttöku. Í nokkrum tilfellum hafa komið fram atriði varðandi samskipti í málefnum mótvægisáðgerða og skuldbindinga varðandi hagsbætur og hafa breytingar þegar verið gerðar. Sem dæmi má nefna að ófullnægjandi árangur í endurnýjun stofna laxfiska í Lagarfljóti hefur nýlega leitt til breyttrar nálgunar. Sú staðreynd að jákvæð þróun sem skjalfest er af Sjálfbærni- og orkuskiptum Austurlands virðist		

Lágmarkskröfur			Ýtrari kröfur		
Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)		Niðurstöður og athugasemdir	Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)		Niðurstöður og athugasemdir
		ekki hafa áhrif og efasemdaraddir heyrast, hefur leitt til þess að nálgun þess er í endurmótun (sjá 10. efnispátt).			
• vegna hagsbóta	✓	Á landsvísu hefur málum verið fylgt eftir er varða afhendingu hagsbóta, svo sem ójafna skiptingu fasteignaskatta milli sveitarfélaga (sjá 9. efnispátt).			
Ef um er að ræða formlega samninga við samfélög sem hafði orðið fyrir áhrifum af virkjuninni verður að gera þá opinbera.	✓	Leyfisskýrði og skýrslur um framkvæmd þeirra hafa verið birtar opinberlega. Auðvelt er að komast að formlegum samningum við sveitarfélög og samtök og félög eins og Austurbrú og veiðifélög. Einstakir samningar við landeigendur og handhafa vatnsréttinda eru trúnaðarmál en bótareglan um vatnsréttindi var birt opinberlega í dómi sem Hæstiréttur kvað upp.			
Skuldbindingar vegna hagsbóta af verkefninu hafa verið gerðar opinberar	✓	Upplýsingar um ýmsar styrktaráætlanir og sjóði, sumarvinnuáætlun, skatta og önnur fríðindi eru hæglega aðgengilegar.			
<b>Innviðaöryggi og lýðheilsa</b>					
Öryggisáætlanir og -ferlar fyrir stíflur og aðra innviði hafa verið þróaðar í samvinnu við viðeigandi eftirlitsstofnanir og stjórnvöld.	✓	Engin eftirlitsstofnun fyrir stíflur er starfandi á Íslandi. Fyrirtækið þarf því sjálft að annast allt eftirlit. Hins vegar fær Landsvirkjun óháða aðila í öryggisúttektir á starfsemi sinni til að tryggja að þær séu í samræmi við alþjóðlegar og góðar starfsvenjur um öryggi stíflna. Aðgerðaáætlun Kárahnjúka (LEI-151) inniheldur leiðbeiningar, gátlista, samskiptaferli, yfirfallskort o.s.frv. og áframhaldandi mat (sjá hér að ofan) er stöðugt samþætt í stjórnunarkerfið.	Ferlar eru til staðar í tilfelli öryggisáhættu eða tækifæra í innviðum svo hægt sé að bregðast við.	✓	Hjá Landsvirkjun er stöðugt unnið að því að endurmeta áætlun um öryggi innviða. Endurskoðun fór nýlega fram (mars 2024) og vísendingar eru um að fyrirtækið sé að bregðast við þeim gloppum sem komu í ljós, sem voru þó allar á fyrirtækjastigi og áttu ekki við virkjunina. Virkjunin ræður nemendur í sumarvinnu sem fá umtalsverða öryggis- og skyndihjálparþjálfun og

Lágmarkskröfur			Ýtrari kröfur		
Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)		Niðurstöður og athugasemdir	Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)		Niðurstöður og athugasemdir
					stuðlar það að aukinni vitundar- og viðbragðsstigi í samfélaginu.
Þessar áætlanir og ferlar eru grundvöllur samskipta þegar kemur að ráðstöfunum varðandi almannaoöryggi.	✓	Samstarf milli virkjunarinnar, Almannavarna (deild almannavarna og neyðarstjórnunar) og slökkvilið- og lögreglu á svæðinu er rótgróið og eru samskipti stöðug við þessa aðila.			Gögn sýna að viðvarandi samskipti eru á milli virkjunarinnar og opinberra öryggisaðila á staðnum. Nokkrar vísbendingar eru um að þörf gæti verið á víðtækari þjálfun í stífluöryggi hjá innlendum og svæðisbundnum öryggisstofnunum almannavarna (sú síðasta var haldin árið 2007) en almennt séð er samstarf þegar kemur að öðrum stóratvikum (svo sem snjóflóðum eða COVID-19) sem er rótgróið og nýtist vel á neyðaræfingum.
Í viðbragðsáætlunum og -ferlum er gert ráð fyrir námskeiðum í árvekni og þjálfun í neyðarviðbrögum og sviðsetningu neyðarástands.	✓	Neyðarviðbragðsþjálfun er haldin tvisvar á ári (tengist aðallega eldhættu í virkjuninni). Önnur þjálfun og almannavarnaæfingar, sem líkja eftir stíflubresti og annarri áhættu, eru haldnar reglulega innbyrðis.	Ráðstöfunum varðandi almannaoöryggi er miðlað á öruggan og tímabæran hátt og öllum aðgengilegar.	✓	
Ráðstafanir sem gripið er til þegar lýðheilsuógn er tilgreind eru til reiðu.	✓	Engin sérstök heilsufarsvandamál sem krefjast stjórnunarráðstafana hafa komið í ljós, umfram rofvarnar- og uppgæðsluáætlanir til að koma í veg fyrir vindborið ryk.	Ferlar eru til staðar sem greina yfirvofandi lýðheilsuáhættu eða tækifæri svo hægt sé að bregðast við.	✓	Gott eftirlit og er með lýðheilsu á Íslandi og henni er vel stjórnað og þar ber Landsvirkjun enga ábyrgð eða skyldur.
<b>HLÍTNI OG SAMRÆMI</b>					
<b>Samfélagsleg áhrif og hagsbætur</b>					
Ferlum og markmiðum hefur verið fylgt eða eru á áætlun:			Engin skortur á hlítni varðandi:		
• staðið við skuldbindingar til samfélaga sem hafa orðið fyrir áhrifum af virkjuninni, án umtalsverðs skorts á hlítni	✓	engin umtalsverð tilvik um skort á hlítni	• samfélög sem hafa orðið fyrir áhrifum af virkjuninni	✓	engin tilvik um skort á hlítni
• staðið við skuldbindingar til samfélaga sem hafa orðið fyrir áhrifum af virkjuninni,	✓	engin umtalsverð tilvik um skort á samræmi			

Lágmarkskröfur			Ýtrari kröfur		
Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)		Niðurstöður og athugasemdir	Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)		Niðurstöður og athugasemdir
án umtalsverðs skorts á samræmi					
• hagsbætur af virkjuninni, án umtalsverðs skorts á hlítni	✓	Engin umtalsverð tilvik um skort á hlítni.	• hagsbætur af verkefninu	✓	Engin tilvik um skort á hlítni.
• hagsbætur af verkefninu, án umtalsverðs skorts á samræmi	✓	Engin umtalsverð tilvik um skort á samræmi.			
Staðið hefur verið við skuldbindingar eða þær á áætlun varðandi:			Engin skortur á samræmi varðandi:		
• samfélög sem orðið hafa fyrir áhrifum af virkjuninni	✓	Engar vísbendingar um annað. Stuðningur við fiskveiði í Lagarfljóti hefur verið veittur eins og skuldbinding vísar til, þó að ekki hafi enn náðst full endurheimt veiði og gæti ekki verið mögulegt, miðað við breytt búsvæði.	• samfélög sem hafa orðið fyrir áhrifum af virkjuninni	✓	Engin tilvik um skort á samræmi.
• hagsbætur af virkjuninni	✓	Engar vísbendingar um annað.	• hagsbætur af virkjuninni	✓	Engin tilvik um skort á samræmi.
<b>Innviðaöryggi og lýðheilsa</b>					
Ferlum og markmiðum hefur verið fylgt eða eru á áætlun varðandi:			Engin skortur á hlítni varðandi:		
• öryggismál stíflu og annarra innviða, án umtalsverðs skorts á hlítni	✓	Engin tilvik um skort á hlítni.	• öryggismál stíflu og annarra innviða	✓	Engin tilvik um skort á hlítni.
• öryggismál stíflu og annarra innviða, án umtalsverðs skorts á samræmi	✓	Engar sértækar skuldbindingar varðandi öryggi stíflu og innviða.			
• Mál er varða lýðheilsu, án umtalsverðs skorts á hlítni	✓	Engin tilvik um skort á hlítni.	• lýðheilsa	✓	Engin tilvik um skort á hlítni.
• Mál er varða lýðheilsu, án umtalsverðs skorts á samræmi	✓	Engin umtalsverð tilvik um skort á samræmi.			
Staðið hefur verið við skuldbindingar eða þær á áætlun varðandi eftirfarandi:			Engin skortur á samræmi varðandi:		

Lágmarkskröfur			Ýtrari kröfur		
Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)		Niðurstöður og athugasemdir	Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)		Niðurstöður og athugasemdir
• Öryggismál stíflu og annarra innviða	✓	Engar sértækar skuldbindingar varðandi öryggi stíflu og innviða.	• Öryggismál stíflu og annarra innviða	✓	Engin tilvik um skort á samræmi.
• Lýðheilsa	✓	Engar vísbendingar um annað.	• Lýðheilsa	✓	Engar vísbendingar um skort á samræmi.
NIÐURSTÖÐUR					
Samfélagsleg áhrif og hagsbætur					
Lífsviðurværi og lífskjör þeirra sem hafa orðið fyrir áhrifum af virkjuninni.	✓	Samkvæmt viðtölum sem fram hafa farið í samfélögum sem hafa orðið fyrir áhrifum af virkjuninni og gögn sem birt eru undir Sjálfbærniverkefninu á Austurlandi eru engar vísbendingar um marktæk neikvæð áhrif á afkomu eða lífskjör í þeim samfélögum. Gögn sem sýna stöðuna áður en virkjunin kom til sögunnar og eftir staðfesta að ýmis áhyggjuefni sem komu fram á fyrstu stigum virkjunarinnar raungerðust ekki. Bóta- og mótvægisáætlanir, endurbætur á innviðapjónustu og almenn aukin atvinnustarfsemi, hærra fasteignaverð ásamt öðrum þáttum hafa bætt lífskjör. Laun og heildartekjur á Austurlandi eru svipaðar landsmeðaltali og hafa vaxið jafnt og þétt frá efnahagskreppunni sem kom skömmu eftir að undirbúningur að virkjuninni hófst. Einn þáttur svæðisbundins vaxtar sem hefur vakið upp spurningar er fasteignamarkaðurinn, en verð er enn lægra en annars staðar á landinu og hefur Sjálfbærniverkefnið fjallað um málið.	þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að bæta lífsviðurværi og lífskjör eru á réttri leið með að verða sjálfbær til lengri tíma litið.	✗	Ómögulegt er að aðgreina áhrif af aukinni atvinnu á svæðinu frá álverinu, almennum hagvexti og sérstökum framlögum virkjunarinnar á atvinnulíf. Hins vegar hafa nánast allir hópar sem hafa orðið fyrir áhrifum af virkjuninni notið endurbóta á innviðum, bættra tekna og betri afkomu og þjónustu sveitarfélaga, menningarframboðs o.fl.  Einn hópur sker sig úr þar sem ráðstafanir til að draga úr áhrifum á lífsviðurværi og lífskjör eru enn sem komið er ekki orðin sjálfbær. Það eru landeigendur neðan við virkjunina, sem einnig hafa veiðiréttindi og eru í veiðifélagi. Breytt ásýnd Lagarfljóts og fyrstu mótvægisáðgerðir vegna búsvæða laxfiska hafa skilað misjöfnum árangri en verið er að prófa nýja nálgun. Sú staðreynd að engin lausn á þessu máli hefur náðst til þessa er <b>meiriháttar gloppa</b> .  Orsökina er sú sama og gloppunnar sem er í 3. efnisþætti hér að ofan.
Í tilfalli efnahagslegs tjóns sem afleiðing af virkjuninni	✓	Tap á beitarnandi og vatnsréttindum hefur verið bætt á sanngjarnan hátt.			

Lágmarkskröfur		Ýtrari kröfur	
Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)	Niðurstöður og athugasemdir	Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)	Niðurstöður og athugasemdir
hefur það verið bætt á sanngjarnan hátt, helst með sambærilegri vöru, eign eða þjónustu.	Þegar um vatnsréttindi er að ræða hafa þau einnig verið staðfest af Hæstarétti. Landeigendur neðan við virkjunina sem orðið hafa fyrir áhrifum af auknu rennsli og auknu gruggi, sem hefur leitt til rofs við árbakka og minni veiði, hafa ekki fengið fjárhagslegar bætur. Landsvirkjun hefur hins vegar tekið ábyrgð á þessum áhrifum og ráðist í mótvægisáðgerðir.		
Samfélög sem hafa orðið fyrir beinum áhrifum af uppbyggingu vatnsaflsvirkjunarinnar og hver annar sem nýtur hagsbóta vegna hennar, hafa fengið eða eru á áætlun með að fá hagsbætur	✓ Í samtölum við alla hagaðila kom fram að allt benti til þess að virkjunin hafi veitt samfélögum margvíslegan ávinning með því að styrkja innviði og hækka fasteigna- og tekjuskatta, beina og óbeina atvinnu, samfélagsáætlanir og sjóði, styrki og rannsóknir.	✓ Hagsbætur eru verulegar og viðvarandi fyrir samfélög sem verða fyrir áhrifum af virkjuninni.	✓ Ávinningur fyrir íbúa sveitarfélaganna Fljótsdalshrepps og Múlaþings er umtalsverður og viðvarandi og í víðari skilningi alls Austurlands. Fjölgun íbúa og atvinnutækifæra er góð vísending um það. Engar vísendingar eru um að þessar hagsbætur verði ekki viðvarandi.  Einn þáttur hagsbóta er þó enn þá ójafnt dreift. Fasteignaskattar renna aðeins til annars sveitarfélagsins (Fljótsdalshrepps), þó að flest (neikvæðu) áhrifin af virkjuninni komi fram í hinu sveitarfélaginu, Múlaþingi. Árið 2022 greiddi Landsvirkjun alls 231 milljón króna (1,7 milljónir USD) til Fljótsdalshrepps, eða 65% af skatttekjum sveitarfélagsins. Fjallað er um þetta mál í 9. efnisþætti þar sem þetta er víðtækara mál sem þyrfti að taka á á landsvísu. Það er ekki talið vera gloppa hér, þar sem

Lágmarkskröfur		Ýtrari kröfur					
Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)		Niðurstöður og athugasemdir		Kröfur uppfylltar: já (✓) eða nei (✗)		Niðurstöður og athugasemdir	
							Múlaþing fær margvíslegan annan ávinning.
<b>Innviðaöryggi og lýðheilsa</b>							
Öryggisáætla hefur verið forðuð, lágörkuð eða ráðist í mótvægisáðgerðir og engar meiriháttar gloppur að finna.	✓	Heilsu- og öryggistöfræðin sýnir að þessi áhætta hefur verið forðuð, lágörkuð og milduð án teljandi gloppna.	Öryggisáætla hefur verið forðuð, lágörkuð eða umbætur gerðar og engar gloppur að finna.	✓	Engar gloppur hafa verið tilgreindar.		
			Tekið hefur verið á öryggismálum umfram þá áhættu sem rekstur vatnsaflsvirkjunarinnar veldur	✓	Víðtæk öryggisáætlun virkjunarinnar varðandi stjórnun stífluöryggis (og almenns öryggis) tekur stöðugt á vaxandi og viðvarandi áhættu (svo sem hættu á rofi sem gæti hugsanlega stafað af náttúrulegum orsökum). Öryggis- og skyndihjálparþjálfun sem veitt er sumarstarfsfólki stuðlar að aukinni öryggisvitund í samfélaginu, sem leiðir til betri undirbúnings í því tilfalli að atvik eigi sér stað.		
Komið er í veg fyrir neikvæð áhrif á lýðheilsu frá virkjuninni, þau lágörkuð eða milduð	✓	Engar vísbendingar um annað.	Þar sem tækifæri hafa verið tilgreind hefur verið ráðist í áðgerðir tengdum lýðheilsu sem ná lengra en þau áhrif sem verða af rekstri vatnaflsvirkjunar, eða þau eru á áætlun.	✓	Engar ástæður eða tækifæri hafa komið upp svo virkjunin færi að fjárfesta beint í heilbrigðisþjónustu. Vegabætur hafa hins vegar stuðlað að betra aðgengi að heilbrigðisstofnunum og fjölgun svæðisbundinna íbúa hefur gert það mögulegt að viðhalda og auka heilbrigðisþjónustu.		

Fjöldi liða sem skortir umtalsvert á til að uppfylla <b>lágmarkskröfur</b>	Fjöldi uppfylltra <b>ýtrari krafna</b>
Engar meiriháttar gloppur eru gagnvart lágmarkskröfum.	20 af 21 (95%)

**Útdráttur niðurstaðna og önnur eftirtektarverð atriði**

Landsvirkjun hefur þá stefnu að vera „góður granni“ þegar fyrirtækið á í samskiptum við samfélög sem hafa orðið fyrir áhrifum af virkjunum, draga úr og bæta upp neikvæð áhrif virkjana og skila ávinningi. Þetta felur í sér innviðaöryggisþætti þar sem virkjunin býr yfir afar yfirgripsmikilli innviðaöryggisáætlun með nánu samstarfi við viðbragðsaðila á svæðinu (s.s. slökkviliði og lögreglu o.s.frv.) og felur það einnig í sér reglubundna þjálfun og neyðaræfingar. Neyðaráætlanir eru fyrir hendi fyrir ýmiss konar sviðsmyndir (allt frá minniháttar olíuleka til meiriháttar bilana í stíflu).

Virkjunin hefur, ásamt álverinu Alcoa Fjarðaál, haft umbreytandi áhrif á allt byggðasamfélagið og atvinnulíf. Íbúum Austurlands fjölgaði úr 9.280 árið 2003 í 11.085 árið 2024 og á svæðinu er að finna tæplega fjórðung af útflutningi Íslands en þar býr einungis 3% þjóðarinnar.

Engar vísbendingar eru um að leyfisskilyrði eða sammingsbundnar/frjálsar skuldbindingar við samfélög hafi ekki verið uppfyllt. Virkjunin hefur bætt innviði og aðgengi, greiðir umtalsverða skatta (þó ójafnt dreift) og styður marga hópa um margvísleg málefni, þar á meðal stjórnun landssvæða, rof í árbökkum, fiskveiðar, ferðaþjónustu og menningu. Lífsviðurværi og líf skjör hafa batnað í nánast öllum atriðum, en þó er einn hópur fólks sem hefur orðið fyrir áhrifum af virkjuninni, en það eru landeigendur neðan við virkjunina sem eiga veiðirétt í Lagarfljóti. Sá þáttur lífsviðurværis þeirra hefur ekki enn verið endurreistur.

Viðeigandi gögn	
Viðtöl	1, 2, 4, 9, 12, 17 – 19, 22, 24, 26, 28, 29, 32 – 35, 38, 42, 45 – 49, 51
Skjöl	4, 5, 9, 10, 15, 16, 31, 32, 39 – 41, 54, 55, 59 – 67, 70, 71, 77-80, 83 – 100, 102 – 108, 117 – 124, 127, 128, 130 – 132, 135, 136, 141, 142, 145 – 151, 153, 154, 165, 166, 173 – 176, 189 – 192, 200, 201, 207, 208, 215 – 218, 225, 226, 230 – 236, 239, 240
Ljósmyndir	7, 8, 19, 26 – 30, 32 – 34, 38, 39, 48, 50 – 52, 59, 60 – 62, 64 – 66, 69 – 72





## 5 Búferlaflutningar

### Gildissvið og meginreglur

Þessi efnispáttur fjallar um hvernig tekið hefur verið á tilfærslu sem stafar af þróun vatnsaflsvirkjunarinnar, í þeim tilvikum þar sem búferlaflutningar áttu sér stað og skuldbindingar eru vel skjalfestar miðað við grunnviðmið áður en hafist var að reisa virkjunina. Meginreglan er sú að reisin og mannréttindi þeirra sem þurfa að flytja hafi verið virt; að farið hafi verið með þessi mál á sanngjarnan og jafnan hátt; að lífsviðurværi og líf skjör áður en búferlaflutningar áttu sér hafi verið bætt og þau samfélög sem á móti þessu fólki tók hafi einnig verið umbunað; og að skuldbindingar sem gerðar hafa verið til þeirra sem þurftu að flytja og þeirra samfélaga sem á móti þeim tók hafi verið að fullu uppfylltar. Þessi kafli fjallar ekki um þá sem eru efnahagslegt flóttafólk, fjallað er um þann þátt í 4. efnispætti.

### Forsendur

Varð bygging virkjunarinnar til þess að fólk þurfti að flytjast búferlaflutningum? Vinsamlega skráið þau gögn sem ákvörðunin er byggð á.

Já, þessi efnispáttur er viðeigandi (vegna eldri virkjana, sjá athugasemd hér fyrir neðan).	E/V
Nei, þessi efnispáttur á ekki við.	Nei, þessi efnispáttur á ekki við. Í samtölum við íbúa og yfirvöld á svæðinu kom í ljós þessi efnispáttur á ekki við í þessu tilfelli þar sem lítill íbúapéttleiki á áhrifasvæði virkjunarinnar gerði það mögulegt að forðast búferlaflutninga.
Þegar um eldri virkjanir er að ræða vísa skuldbindingar til þeirra sem hafa þurft að flytjast búferlum og þeirra samfélaga sem á móti þeim tóku, til skuldbindinga sem gerðar voru við þróun virkjana (ef þær voru vel skjalfestar) sem og til nýlegri skuldbindinga.	



## 6 Líffræðileg fjölbreytni og ágengar tegundir

### Gildissvið og meginreglur

Þessi efnispáttur fjallar um gildi vistkerfa, búsvæði og sérstök atriði eins og tegundir sem eru í útrýmingarhættu og farleiðir fiska á vatnasviði, miðlunarlóni og vatnasviði neðan stíflu, svo og hugsanleg áhrif sem stafa af meindýrum og ágengum tegundum sem fylgt geta vatnsaflsvirkjunum. Meginreglan er sú að heilbrigð, hagnýt og lífvænleg vatna- og landvistkerfi á virkjunarsvæðinu eru sjálfbær til lengri tíma litið; að áhrifum sem stafar af rekstri vatnsaflsvirkjunar á líffræðilega fjölbreytni sé stjórnað á ábyrgan hátt; að mál er varða viðvarandi eða vaxandi líffræðilega fjölbreytni séu skilgreind og brugðist við eftir þörfum; og að skuldbindingar vegna innleiðingar líffræðilegrar fjölbreytni séu uppfylltar og ráðstafanir vegna ágengra tegunda séu framkvæmdar.

### Forsendur

Stutt lýsing á vistfræði virkjunarsvæðis	Vistkerfi Íslands eru tiltölulega ung þar sem landið var alfarið þakið ís allt til loka síðustu ísaldar fyrir um 10.000 árum. Gróður og dýralíf á virkjunarsvæðinu hafa aðlagast köldu og vindasömu loftslagi. Meðalhiti á Egilsstöðum er 3,8°C og ársúrkoma 619 mm. Landslagið hefur orðið fyrir alvarlegum áhrifum af búsetu manna allt frá því að fyrstu landnámsmennirnir komu til Íslands á 9. öld. Sauðfjárbætt og nánast algjör skógareyðing minnkaði að stórum hluta gróðurþekju landsins. Áður en virkjuninni var hrint í framkvæmd var hálendið norðaustur af Vatnajökli í meginatriðum óbyggðir með víðáttumiklum og hrjóstrugum svæðum milli áa og votlendis, og urðu einungis fyrir áhrifum af sauðfjárbætt og veiði. Þar er fjölbreyttur fuglastofn en fáar spendýra- og fisktegundir.
Vernduð svæði (þjóðgarðar og friðlönd o.s.frv.) og fjarlægð þeirra frá virkjunarsvæðinu	Áhrifasvæði virkjunarinnar liggur við nokkur lögvernduð svæði, sem flest hafa verið felld inn í Vatnajökulsþjóðgarð (nú 14.967 km <sup>2</sup> , stofnaður árið 2008 og skráður í heimsminjaskrá árið 2019), svo sem svæðið Snæfell-Eyjabakkar (264 km <sup>2</sup> ), sem einnig er Ramsar-votlendi. Friðlandið Kringilsárrani var minnkað að stærð til að koma Hálslóni fyrir. Nokkur svæði eru þarna óvarin sem hafa mikið óbyggða- og verndargildi.
Mikilvæg búsvæði á virkjunarsvæðinu, þar á meðal mikilvæg fuglasvæði, búsvæði einlendra tegunda o.s.frv..	Nokkur votlendissvæði eru þarna, þar á meðal strandvotlendi Úthéraðs, og eru talin mikilvæg fuglasvæði samkvæmt Náttúrufræðistofnun Íslands.
Tegundir í útrýmingarhættu á beinu áhrifasvæði virkjunar: á landi	Hreindýr (Rangifer tarandus) voru flutt til Íslands frá Noregi. Tegundin er talin viðkvæm á heimsvísu og sumir stofnar og undirtegundir hafa dáði út. Íslenski stofninn er nú lítill en stöðugur og eru sveiflur í honum um 6.000 dýr.
Tegundir í útrýmingarhættu á beinu áhrifasvæði virkjunar: í vatni	Ekki er vitað um tegundir í útrýmingarhættu á svæðinu.
Aðrar tegundir sem mikilvægt er að vernda	Þær vísitægundir á svæðinu sem valdar voru í vöktunar- og stjórnunarskyni (miðað við verndarstöðu þeirra á heimsvísu) eru hreindýr (sjá hér að ofan), heiðagæs (anser brachyrhynchus, ekki í útrýmingarhættu), nokkrir strandfuglar, auk þriggja

Fljótsdalsstöð, 690 MW, Ísland

	laxfiska.: bleikja ( <i>salvelinus alpinus</i> , ekki í útrýmingarhættu), atlantshafslax ( <i>Salmo salar</i> , í útrýmingarhættu) og urriði ( <i>Salmo trutta</i> , ekki í útrýmingarhættu).
Farleiðir	Hreindýrahjarðir halda til á hálendinu nálægt Háslóni á sumrin en eru á láglandinu á veturna. Nokkrar laxfisktegundir synda niður árnar á haustin og út í strandsjó.
Ágengar tegundir: á landi	Hreindýr, minkur og lúpína voru upphaflega flutt til Íslands. Engu að síður eru hreindýr orðin tákni óbyggðanna og Austurlands í heild. Lúpína hefur verið mikið notuð í uppgræðslu en er nú umdeild tegund á Íslandi.
Ágengar tegundir: í vatni	Engar ágengar tegundir í vatni eru þekktar á svæðinu.
Helstu hættur varðandi líffjölbreytni	Loftslagsbreytingar geta haft áhrif á búsvæði sumra tegunda. Hálendissvæðið í kringum virkjunina verður sífellt aðgengilegra og vinsældir þess sem ferðamanna staðar fara sívaxandi. Enn fremur gæti orðið frekari þróun eins og vegabætur og vindorkuframkvæmdir. Á hinn bóginn er Ísland að stækka verndarsvæði sín og draga úr beitarþrýstingi sauðfjár.
Stofnanir sem annast verndun líffræðilegrar fjölbreytni	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, Vatnajökulsþjóðgarður og Náttúrufræðistofnun.
